



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Þolmörk ferðamanna

á átta vinsælum ferðamannastöðum

á Suður- og Vesturlandi

Anna Dóra Sæþórsdóttir,
Anna Mjöll Guðmundsdóttir
Þorkell Stefánsson



© Ferðamálastofa, mars 2016

Útgefandi: Ferðamálastofa
Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri
Sími: 535-5500 Tölvupóstur: upplýsingar@ferdamalastofa.is

Titill: Þolmörk ferðamanna á átta vinsælum ferðamannastöðum á Suður- og Vesturlandi

Höfundar: © Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Þorkell Stefánsson

Kápa: Porthönnun

Prentun: Stell

ISBN: 978-9979-9524-7-3

Forsíðumynd: Frá Þingvöllum © Ragnar Th. Sigurðsson

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

Þolmörk ferðamanna
á átta vinsælum ferðamannastöðum
á Suður- og Vesturlandi

Anna Dóra Sæpórsdóttir,
Anna Mjöll Guðmundsdóttir
og
Þorkell Stefánsson

Formáli

Vegna mikillar fjölgunar ferðamanna hér á landi og þess álags sem af henni skapast hafa spurningar vaknað um hvort ferðamenn séu nú þegar of margir á vinsælustu áfangastöðum landsins. Í ljósi þessa fjármagnaði Ferðamálastofa rannsókn þar sem könnuð eru viðhorf ferðamanna á átta fjölförnum ferðamannastöðum á Suður- og Vesturlandi undir verkstjórn dr. Önnu Dóru Sæþórsdóttur dósents í ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Staðirnir sem valdir voru til skoðunar eru: Djúpalónssandur, Geysir, Þingvellir, Hraunfossar, Þórsmörk, Jökulsárlón, Seltún og Sólheimajökull. Gerð var spurningalistakönnun þar sem spurningalistum var dreift á þremur tímabilum; sumar og haust 2014 og vetur 2015. Í þessari skýrslu birtast heildarniðurstöður rannsóknarinnar, en áður hafa verið birtar niðurstöður sumarsins.

Ferðamálastofu eru færðar þakkir fyrir fjárstuðninginn og frumkvæðið að því að þessi rannsókn var gerð. Ólöfu Ýrr Atladóttur ferðamálastjóra er þökkuð samvinnan við að útfæra verkið og góð ráð á meðan á vinnunni stóð. Gyðu Þórhallsdóttur doktorsnema í ferðamálafræði, meistaranemunum Margréti Sævarsdóttur, Zsófia Cságoly og Silju Gunnarsdóttur og BS-nemandanum Kristjáni Smárasyni og landfræðingunum Ingunni Árnadóttur og Gísla Bjarka Guðmundssyni eru þökkuð röskleg framgangur við að dreifa spurningalistum til ferðamanna. Rögvaldi Ólafssyni dósent (*emeritus*) í eðlisfræði við Háskóla Íslands, stjórnarformanni Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og fyrrum forstöðumanns Stofnunar rannsóknasetra Háskóla er þakkað samstarfið og lán á korti. Jafnframt er leiðsögumönnum, fararstjórum, bílstjórum og staðarhöldurum þökkuð aðstoðin við dreifingu spurningalista. Þeim er einnig þakkað fyrir að hvetja ferðamenn til að taka þátt í rannsókninni og fyrir að senda útfyllta lista með pósti til baka. Guðrúnu Rósu Þorsteinsdóttur og Evu Halapi hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri er þökkuð aðstoðin við að skanna inn spurningalista. Ingibjörg Elsa Björnsdóttir las yfir handritið og veitti góð ráð varðandi málfar. Ferðamönnum sem svöruðu spurningalistunum er þakkað fyrir að fórna hluta af frítíma sínum í þágu vísindanna. Síðast en ekki síst þakka ég Þorkeli Stefánssyni MS nema í ferðamálafræði og Önnu Mjöll Guðmundsdóttur MS í ferðamálafræði fyrir samvinnuna í þessu mikla verki. Þorkell sá um alla tölfræðiúrvinnslu, greiningu gagna og framsetningu þeirra. Anna Mjöll kom að verkinu undir lokin og vann við textaskrif og lýsingu niðurstaðna.

Verkefnisstjóri vonar að þær niðurstöður sem hér eru birtar verði nýttar sem grundvöllur ákvörðunartöku um hvernig nýta skuli náttúruperlu landins til ferðamennsku og útivistar.

Anna Dóra Sæþórsdóttir

Efnisyfirlit

Töfluskrá.....	iii
Myndaskrá	v
1 Inngangur	1
2 Þolmörk ferðamennsku og sjálfbærni	3
2.1 Vaxandi náttúruferðamennska.....	3
2.2 Sjálfbær ferðamennska.....	4
3 Fjölgun ferðamanna á Íslandi	7
4 Spurningalistakönnun	11
5 Niðurstöður.....	13
5.1 Kyn, aldur og endurkoma.....	13
5.2 Þjóðerni.....	14
5.3 Ferðamáti.....	20
5.4 Ferðafélagar.....	25
5.5 Gistimáti.....	29
5.6 Ánægja með ferð, náttúru, þjónustu og innviði	34
5.6.1 Ánægja með ferðina.....	34
5.6.2 Ánægja með náttúruna	38
5.6.3 Ánægja með göngustíga	42
5.6.4 Ánægja með bílastæði.....	45
5.6.5 Ánægja með merkingar á skoðunarverðum stöðum.....	49
5.6.6 Ánægja með þjónustu.....	53
5.6.7 Ánægja með skilti.....	57
5.6.8 Ánægja með salernisaðstöðu	61
5.7 Viðhorf til fjölda ferðamanna og bifreiða.....	65
5.7.1 Fjöldi ferðamanna almennt	66
5.7.2 Fjöldi íslenskra ferðamanna	70
5.7.3 Fjöldi fólksbifreiða.....	74
5.7.4 Fjöldi erlendra ferðamanna	77
5.7.5 Fjöldi hópferðabifreiða	81
5.7.6 Fjöldi hópferðamanna.....	85
5.8 Neikvæð áhrif ferðamennsku á umhverfi	89
5.8.1 Rusl	90
5.8.2 Skemmdir á jarðvegsmyndunum	94
5.8.3 Gróðurskemmdir	97
5.8.4 Rof úr göngustígum.....	102
5.9 Skynjun ferðamanna á umhverfinu.....	106
5.9.1 Manngert eða náttúrulegt.....	106
5.9.2 Óöruggt eða öruggt	110
5.9.3 Sódalegt eða hreint	114
5.9.4 Hávært eða kyrrt	118
5.9.5 Óaðgengilegt eða aðgengilegt.....	122
5.9.6 Ljött eða fallegt.....	126
5.10 Áhrifaþættir á ákvörðunartöku ferðamanna um heimsókn á staðinn.....	130
5.10.1 Áhrif náttúru.....	131
5.10.2 Áhrif skipulagðrar hópferðar	134
5.10.3 Áhrif norðurljósa	138

5.10.4	Þingvellir: Áhrif heimsminjaskrár UNESCO og köfunar í Silfru	142
5.10.5	Þórsmörk: Áhrif áhugaverðs göngusvæðis.....	143
5.11	Áhrifaþættir á ákvörðunartöku um Íslandsheimsókn.....	143
5.11.1	Áhrif frís frá vinnu.....	144
5.11.2	Áhrif veðurfars	148
5.11.3	Áhrif námsferðar.....	152
5.11.4	Áhrif góðs verðs eða sértíloboðs	156
5.11.5	Áhrif menningarviðburða	161
5.11.6	Áhrif næturlífs	165
5.11.7	Áhrif ráðstefnu- eða vinnuferðar.....	169
6	Umræður og ályktanir.....	174
6.1	Áhrif vaxandi náttúruferðamennsku.....	174
6.2	Viðhorf ferðamanna á vinsælum náttúruskoðunarstöðum	175
6.3	Helstu niðurstöður frá hverjum rannsóknarstað	176
6.3.1	Djúpalónssandur	176
6.3.2	Geysir.....	176
6.3.3	Hraunfossar	177
6.3.4	Jökulsárlón	177
6.3.5	Seltún	178
6.3.6	Sólheimajökull	178
6.3.7	Þingvellir.....	178
6.3.8	Þórsmörk.....	179
6.4	Áskorun stefnumótunar.....	179
7	Heimildir.....	182

Töfluskrá

1. tafla. Fjöldi svaraðra spurningalista á hverjum stað eftir árstíðum.	11
2. tafla. Dæmi um greiningu niðurstaðna: Ánægja með göngustíga, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	12
3. tafla. Kyn og endurkoma (%).	13
4. tafla. Meðalaldur á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.	14
5. tafla. Yfirlit yfir þjóðerni.	15
6. tafla. Yfirlit yfir ferðamáta.....	20
7. tafla. Yfirlit yfir ferðafélaga.....	25
8. tafla. Yfirlit yfir gístimáta.....	29
9. tafla. Ánægja með ferðina, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	35
10. tafla. Ánægja með náttúruna, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	38
11. tafla. Ánægja með göngustíga, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	42
12. tafla. Ánægja með bílastæði, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	46
13. tafla. Ánægja með merkingar á skoðunarverðum stöðum, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	50
14. tafla. Ánægja með þjónustu, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	54
15. tafla. Ánægja með skilti, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	58
16. tafla. Ánægja með salernisaðstöðu, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	62
17. tafla. Viðhorf til fjölda ferðamanna, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	66
18. tafla. Viðhorf til fjölda íslenskra ferðamanna, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.	70
19. tafla. Viðhorf til fjölda fólksbifreiða, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	74
20. tafla. Viðhorf til fjölda erlendra ferðamanna, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.	78
22. tafla. Viðhorf til fjölda hópferðabifreiða, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	82
21. tafla. Viðhorf til fjölda hópferðamanna, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	86
23. tafla. Rusl, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.	90
24. tafla. Skemmdir á jarðvegsmyndunum, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	94
25. tafla. Gróðurskemmdir, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	98
26. tafla. Rof úr göngustígum, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	102

27. tafla. Náttúrulegt eða manngert umhverfi, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	107
28. tafla. Öryggi umhverfisins, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	111
29. tafla. Hreinleiki umhverfisins, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	115
30. tafla. Kyrrð umhverfisins, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	119
31. tafla. Aðgengi á svæðin, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	123
32. tafla. Fegurð svæðanna, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	127
33. tafla. Áhrif náttúru á ákvarðanatöku um heimsókn á svæðið, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.	131
34. tafla. Áhrif skipulagðrar hópferðar á ákvarðanatöku um heimsókn á svæðið, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	135
35. tafla. Áhrif norðurljósa á ákvarðanatöku um heimsókn á svæðið, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	139
36. tafla. Áhrif frís frá vinnu á ákvarðanatöku um Íslandsheimsókn, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	145
37. tafla. Áhrif veðurfars á ákvarðanatöku um Íslandsheimsókn, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.	149
38. tafla. Áhrif námsferðar á ákvarðanatöku um Íslandsheimsókn, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.	153
39. tafla. Áhrif góðs verðs eða sértílsboðs á ákvarðanatöku um Íslandsheimsókn, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	157
40. tafla. Áhrif menningarviðburðar á ákvarðanatöku um Íslandsheimsókn, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	161
41. tafla. Áhrif næturlífs á ákvarðanatöku um Íslandsheimsókn, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.	165
42. tafla. Áhrif ráðstefnu eða vinnuferðar á ákvarðanatöku um Íslandsheimsókn, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.....	169

Myndaskrá

1. mynd. Rannsóknastaðirnir átta.....	2
2. mynd. Fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands og framreikningur á mögulegum fjölda til ársins 2025.....	8
3. mynd. Fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands og framreikningur á mögulegum fjölda til ársins 2025, auk 40% vaxtar.	8
4. mynd. Fjöldi erlendra ferðamanna greindur eftir árstíðum.....	8
5. mynd. Hlutfallsleg skipting fjölda erlendra ferðamanna greind eftir árstíðum.	9
6. mynd. Vinsælustu áfangastaðir erlendra ferðamanna sumarið 2014 og veturinn 2013-14.....	10
7. mynd. Þjóðerni á Djúpalónssandi.....	18
8. mynd. Þjóðerni við Geysi.	18
9. mynd. Þjóðerni við Hraunfossa.	18
10. mynd. Þjóðerni við Jökulsárlón.	18
11. mynd. Þjóðerni við Seltún.	19
12. mynd. Þjóðerni við Sólheimajökul.	19
13. mynd. Þjóðerni á Þingvöllum.....	19
14. mynd. Þjóðerni í Þórsmörk.	19
15. mynd. Ferðamáti á Djúpalónssandi.....	23
16. mynd. Ferðamáti við Geysi.	23
17. mynd. Ferðamáti við Hraunfossa.	23
18. mynd. Ferðamáti við Jökulsárlón.....	23
19. mynd. Ferðamáti við Seltún.	24
20. mynd. Ferðamáti við Sólheimajökul.....	24
21. mynd. Ferðamáti á Þingvöllum.....	24
22. mynd. Ferðamáti í Þórsmörk.	24
23. mynd. Ferðafélagar á Djúpalónssandi.....	27
24. mynd. Ferðafélagar við Geysi.....	27
25. mynd. Ferðafélagar við Hraunfossa.	27
26. mynd. Ferðafélagar við Jökulsárlón.....	27
27. mynd. Ferðafélagar við Seltún.....	28
28. mynd. Ferðafélagar við Sólheimajökul.....	28
29. mynd. Ferðafélagar á Þingvöllum.....	28
30. mynd. Ferðafélagar í Þórsmörk.....	28
31. mynd. Gistimáti á Djúpalónssandi.	32
32. mynd. Gistimáti við Geysi.	32
33. mynd. Gistimáti við Hraunfossa.....	32
34. mynd. Gistimáti við Jökulsárlón.	32
35. mynd. Gistimáti við Seltún.	33
36. mynd. Gistimáti við Sólheimajökul.	33
37. mynd. Gistimáti á Þingvöllum.....	33
38. mynd. Gistimáti í Þórsmörk.	33
39. mynd. Yfirlit yfir ánægju með ferð, náttúru, þjónustu og innviði - allir staðir saman.....	34
40. mynd. Ánægja með ferðina á Djúpalónssandi.	35
41. mynd. Ánægja með ferðina við Geysi.....	36
42. mynd. Ánægja með ferðina við Hraunfossa.....	36
43. mynd. Ánægja með ferðina við Jökulsárlón.....	36

44. mynd. Ánægja með ferðina við Seltún.....	37
45. mynd. Ánægja með ferðina við Sólheimajökul.....	37
46. mynd. Ánægja með ferðina á Þingvöllum.....	37
47. mynd. Ánægja með ferðina í Þórsmörk.....	38
48. mynd. Ánægja með náttúruna á Djúpalónssandi.....	39
49. mynd. Ánægja með náttúruna við Geysi.....	39
50. mynd. Ánægja með náttúruna við Hraunfossa.....	40
51. mynd. Ánægja með náttúruna við Jökulsárlón.....	40
52. mynd. Ánægja með náttúruna við Seltún.....	40
53. mynd. Ánægja með náttúruna við Sólheimajökul.....	41
54. mynd. Ánægja með náttúruna á Þingvöllum.....	41
55. mynd. Ánægja með náttúruna í Þórsmörk.....	41
56. mynd. Ánægja með göngustíga á Djúpalónssandi.....	42
57. mynd. Ánægja með göngustíga við Geysi.....	43
58. mynd. Ánægja með göngustíga við Hraunfossa.....	43
59. mynd. Ánægja með göngustíga við Jökulsárlón.....	43
60. mynd. Ánægja með göngustíga við Seltún.....	44
61. mynd. Ánægja með göngustíga við Sólheimajökul.....	44
62. mynd. Ánægja með göngustíga á Þingvöllum.....	45
63. mynd. Ánægja með göngustíga í Þórsmörk.....	45
64. mynd. Ánægja með bílastæði á Djúpalónssandi.....	46
65. mynd. Ánægja með bílastæði við Geysi.....	47
66. mynd. Ánægja með bílastæði við Hraunfossa.....	47
67. mynd. Ánægja með bílastæði við Jökulsárlón.....	47
68. mynd. Ánægja með bílastæði við Seltún.....	48
69. mynd. Ánægja með bílastæði við Sólheimajökul.....	48
70. mynd. Ánægja með bílastæði á Þingvöllum.....	49
71. mynd. Ánægja með bílastæði í Þórsmörk.....	49
72. mynd. Ánægja með merkingar á skoðunarverðum stöðum á Djúpalónssandi.....	50
73. mynd. Ánægja með merkingar á skoðunarverðum stöðum á Geysi.....	51
74. mynd. Ánægja með merkingar á skoðunarverðum stöðum við Hraunfossa.....	51
75. mynd. Ánægja með merkingar á skoðunarverðum stöðum við Jökulsárlón.....	51
76. mynd. Ánægja með merkingar á skoðunarverðum stöðum í Seltúni.....	52
77. mynd. Ánægja með merkingar á skoðunarverðum stöðum við Sólheimajökul.....	52
78. mynd. Ánægja með merkingar á skoðunarverðum stöðum á Þingvöllum.....	53
79. mynd. Ánægja með merkingar á skoðunarverðum stöðum í Þórsmörk.....	53
80. mynd. Ánægja með þjónustu á Djúpalónssandi.....	54
81. mynd. Ánægja með þjónustu við Geysi.....	55
82. mynd. Ánægja með þjónustu við Hraunfossa.....	55
83. mynd. Ánægja með þjónustu við Jökulsárlón.....	55
84. mynd. Ánægja með þjónustu við Seltún.....	56
85. mynd. Ánægja með þjónustu við Sólheimajökul.....	56
86. mynd. Ánægja með þjónustu á Þingvöllum.....	57
87. mynd. Ánægja með þjónustu í Þórsmörk.....	57
88. mynd. Ánægja með skilti á Djúpalónssandi.....	58
89. mynd. Ánægja með skilti á Geysi.....	59
90. mynd. Ánægja með skilti við Hraunfossa.....	59
91. mynd. Ánægja með skilti við Jökulsárlón.....	59
92. mynd. Ánægja með skilti í Seltúni.....	60
93. mynd. Ánægja með skilti við Jökulsárlón.....	60
94. mynd. Ánægja með skilti á Þingvöllum.....	61

95. mynd. Ánægja með skilti í Þórsmörk.	61
96. mynd. Ánægja með salernisaðstöðu á Djúpalónssandi.....	62
97. mynd. Ánægja með salernisaðstöðu við Geysi.	63
98. mynd. Ánægja með salernisaðstöðu við Hraunfossa.	63
99. mynd. Ánægja með salernisaðstöðu við Jökulsárlón.	63
100. mynd. Ánægja með salernisaðstöðu við Seltún.	64
101. mynd. Ánægja með salernisaðstöðu við Sólheimajökul.	64
102. mynd. Ánægja með salernisaðstöðu á Þingvöllum.....	65
103. mynd. Ánægja með salernisaðstöðu í Þórsmörk.	65
104. mynd. Yfirlit yfir viðhorf til fjölda ferðamanna og bifreiða, allir staðir saman.....	66
105. mynd. Fjöldi ferðamanna á Djúpalónssandi.	67
106. mynd. Fjöldi ferðamanna við Geysi.	67
107. mynd. Fjöldi ferðamanna við Hraunfossa.....	68
108. mynd. Fjöldi ferðamanna við Jökulsárlón.	68
109. mynd. Fjöldi ferðamanna við Seltún.	68
110. mynd. Fjöldi ferðamanna við Sólheimajökul.	69
111. mynd. Fjöldi ferðamanna á Þingvöllum.	69
112. mynd. Fjöldi ferðamanna í Þórsmörk.	70
113. mynd. Fjöldi íslenskra ferðamanna á Djúpalónssandi.	71
114. mynd. Fjöldi íslenskra ferðamanna við Geysi.....	71
115. mynd. Fjöldi íslenskra ferðamanna við Hraunfossa.	71
116. mynd. Fjöldi íslenskra ferðamanna við Jökulsárlón.....	72
117. mynd. Fjöldi íslenskra ferðamanna við Seltún.....	72
118. mynd. Fjöldi íslenskra ferðamanna við Sólheimajökul.....	73
119. mynd. Fjöldi íslenskra ferðamanna á Þingvöllum.	73
120. mynd. Fjöldi íslenskra ferðamanna í Þórsmörk.....	73
121. mynd. Fjöldi fólksbifreiða á Djúpalónssandi.	74
122. mynd. Fjöldi fólksbifreiða við Geysi.....	75
123. mynd. Fjöldi fólksbifreiða við Hraunfossa.	75
124. mynd. Fjöldi fólksbifreiða við Jökulsárlón.....	76
125. mynd. Fjöldi fólksbifreiða við Seltún.....	76
126. mynd. Fjöldi fólksbifreiða við Sólheimajökul.....	76
127. mynd. Fjöldi fólksbifreiða á Þingvöllum.	77
128. mynd. Fjöldi fólksbifreiða í Þórsmörk.....	77
129. mynd. Fjöldi erlendra ferðamanna á Djúpalónssandi.....	78
130. mynd. Fjöldi erlendra ferðamanna við Geysi.	79
131. mynd. Fjöldi erlendra ferðamanna við Hraunfossa.	79
132. mynd. Fjöldi erlendra ferðamanna við Jökulsárlón.....	79
133. mynd. Fjöldi erlendra ferðamanna við Seltún.	80
134. mynd. Fjöldi erlendra ferðamanna við Sólheimajökul.....	80
135. mynd. Fjöldi erlendra ferðamanna á Þingvöllum.....	81
136. mynd. Fjöldi erlendra ferðamanna í Þórsmörk.	81
137. mynd. Fjöldi hópferðabifreiða á Djúpalónssandi.....	82
138. mynd. Fjöldi hópferðabifreiða við Geysi.	83
139. mynd. Fjöldi hópferðabifreiða við Hraunfossa.	83
140. mynd. Fjöldi hópferðabifreiða við Jökulsárlón.	83
141. mynd. Fjöldi hópferðabifreiða við Seltún.	84
142. mynd. Fjöldi hópferðabifreiða við Sólheimajökul.	84
143. mynd. Fjöldi hópferðabifreiða á Þingvöllum.....	85
144. mynd. Fjöldi hópferðabifreiða í Þórsmörk.	85
145. mynd. Fjöldi hópferðamanna á Djúpalónssandi.	86

146. mynd. Fjöldi hópferðamanna við Geysi.....	87
147. mynd. Fjöldi hópferðamanna við Hraunfossa.....	87
148. mynd. Fjöldi hópferðamanna við Jökulsárlón.....	87
149. mynd. Fjöldi hópferðamanna við Seltún.....	88
150. mynd. Fjöldi hópferðamanna við Sólheimajökul.....	88
151. mynd. Fjöldi hópferðamanna á Þingvöllum.....	89
152. mynd. Fjöldi hópferðamanna í Þórsmörk.....	89
153. mynd. Yfirlit yfir ummerki eftir ferðamenn, allir staðir saman.....	90
154. mynd. Rusl á Djúpalónssandi.....	91
155. mynd. Rusl við Geysi.....	91
156. mynd. Rusl við Hraunfossa.....	91
157. mynd. Rusl við Jökulsárlón.....	92
158. mynd. Rusl við Seltún.....	92
159. mynd. Rusl við Sólheimajökul.....	93
160. mynd. Rusl á Þingvöllum.....	93
161. mynd. Rusl í Þórsmörk.....	93
162. mynd. Skemmdir á jarðvegsmyndunum á Djúpalónssandi.....	94
163. mynd. Skemmdir á jarðvegsmyndunum við Geysi.....	95
164. mynd. Skemmdir á jarðvegsmyndunum við Hraunfossa.....	95
165. mynd. Skemmdir á jarðvegsmyndunum við Jökulsárlón.....	96
166. mynd. Skemmdir á jarðvegsmyndunum við Seltún.....	96
167. mynd. Skemmdir á jarðvegsmyndunum við Sólheimajökul.....	96
168. mynd. Skemmdir á jarðvegsmyndunum á Þingvöllum.....	97
169. mynd. Skemmdir á jarðvegsmyndunum í Þórsmörk.....	97
170. mynd. Gróðurskemmdir á Djúpalónssandi.....	98
171. mynd. Gróðurskemmdir við Geysi.....	99
172. mynd. Gróðurskemmdir við Hraunfossa.....	99
173. mynd. Gróðurskemmdir við Jökulsárlón.....	100
174. mynd. Gróðurskemmdir við Seltún.....	100
175. mynd. Gróðurskemmdir við Sólheimajökul.....	101
176. mynd. Gróðurskemmdir á Þingvöllum.....	101
177. mynd. Gróðurskemmdir í Þórsmörk.....	102
178. mynd. Rof úr göngustígum á Djúpalónssandi.....	103
179. mynd. Rof úr göngustígum við Geysi.....	103
180. mynd. Rof úr göngustígum við Hraunfossa.....	104
181. mynd. Rof úr göngustígum við Jökulsárlón.....	104
182. mynd. Rof úr göngustígum við Seltún.....	104
183. mynd. Rof úr göngustígum við Sólheimajökul.....	105
184. mynd. Rof úr göngustígum á Þingvöllum.....	105
185. mynd. Rof úr göngustígum í Þórsmörk.....	106
186. mynd. Náttúrulegt eða manngert umhverfi á Djúpalónssandi.....	107
187. mynd. Náttúrulegt eða manngert umhverfi við Geysi.....	108
188. mynd. Náttúrulegt eða manngert umhverfi við Hraunfossa.....	108
189. mynd. Náttúrulegt eða manngert umhverfi við Jökulsárlón.....	108
190. mynd. Náttúrulegt eða manngert umhverfi við Seltún.....	109
191. mynd. Náttúrulegt eða manngert umhverfi við Sólheimajökul.....	109
192. mynd. Náttúrulegt eða manngert umhverfi á Þingvöllum.....	110
193. mynd. Náttúrulegt eða manngert umhverfi í Þórsmörk.....	110
194. mynd. Öryggi umhverfisins á Djúpalónssandi.....	111
195. mynd. Öryggi umhverfisins við Geysi.....	112
196. mynd. Öryggi umhverfisins við Hraunfossa.....	112

197. mynd. Öryggi umhverfisins við Jökulsárlón.	112
198. mynd. Öryggi umhverfisins við Seltún.	113
199. mynd. Öryggi umhverfisins við Sólheimajökul.	113
200. mynd. Öryggi umhverfisins á Þingvöllum.	114
201. mynd. Öryggi umhverfisins í Þórsmörk.	114
202. mynd. Hreinleiki umhverfisins á Djúpalónssandi.	115
203. mynd. Hreinleiki umhverfisins við Geysi.	116
204. mynd. Hreinleiki umhverfisins við Hraunfossa.	116
205. mynd. Hreinleiki umhverfisins við Jökulsárlón.	116
206. mynd. Hreinleiki umhverfisins við Seltún.	117
207. mynd. Hreinleiki umhverfisins við Sólheimajökul.	117
208. mynd. Hreinleiki umhverfisins á Þingvöllum.	118
209. mynd. Hreinleiki umhverfisins í Þórsmörk.	118
210. mynd. Kyrrð umhverfisins á Djúpalónssandi.	119
211. mynd. Kyrrð umhverfisins við Geysi.	120
212. mynd. Kyrrð umhverfisins við Hraunfossa.	120
213. mynd. Kyrrð umhverfisins við Jökulsárlón.	121
214. mynd. Kyrrð umhverfisins við Seltún.	121
215. mynd. Kyrrð umhverfisins við Sólheimajökul.	121
216. mynd. Kyrrð umhverfisins á Þingvöllum.	122
217. mynd. Kyrrð umhverfisins í Þórsmörk.	122
218. mynd. Aðgengi að Djúpalónssandi.	123
219. mynd. Aðgengi að Geysi.	124
220. mynd. Aðgengi að Hraunfossum.	124
221. mynd. Aðgengi að Jökulsárlóni.	124
222. mynd. Aðgengi að Seltúni.	125
223. mynd. Aðgengi að Sólheimajökli.	125
224. mynd. Aðgengi að Þingvöllum.	125
225. mynd. Aðgengi að Þórsmörk.	126
226. mynd. Fegurð Djúpalónssands.	127
227. mynd. Fegurð Geysissvæðisins.	128
228. mynd. Fegurð við Hraunfossa.	128
229. mynd. Fegurð við Jökulsárlón.	128
230. mynd. Fegurð við Seltún.	129
231. mynd. Fegurð við Sólheimajökul.	129
232. mynd. Fegurð á Þingvöllum.	129
233. mynd. Fegurð umhverfisins í Þórsmörk.	130
234. mynd. Áhrif náttúru, hópferðar og norðurljósa á ákvörðunartöku um heimsókn á staðinn - allir staðir saman.	130
235. mynd. Áhrif náttúrunnar á ákvörðun um ferð á Djúpalónssand.	131
236. mynd. Áhrif náttúrunnar á ákvörðun um ferð á Geysi.	132
237. mynd. Áhrif náttúrunnar á ákvörðun um ferð að Hraunfossum.	132
238. mynd. Áhrif náttúrunnar á ákvörðun um ferð að Jökulsárlóni.	133
239. mynd. Áhrif náttúrunnar á ákvörðun um ferð að Seltúni.	133
240. mynd. Áhrif náttúrunnar á ákvörðun um ferð að Sólheimajökli.	133
241. mynd. Áhrif náttúrunnar á ákvörðun um ferð á Þingvelli.	134
242. mynd. Áhrif náttúrunnar á ákvörðun um ferð í Þórsmörk.	134
243. mynd. Áhrif þess að Djúpalónssandur var inni í skipulagðri ferð, á ákvarðanatöku um heimsókn á þangað.	135
244. mynd. Áhrif þess að Geysir var inni í skipulagðri ferð, á ákvarðanatöku um heimsókn þangað.	136

245. mynd. Áhrif þess að Hraunfossar voru inni í skipulagðri ferð, á ákvarðanatöku um heimsókn á þangað.....	136
246. mynd. Áhrif þess að Jökulsárlón var inni í skipulagðri ferð, á ákvarðanatöku um heimsókn á þangað.....	136
247. mynd. Áhrif þess að Seltún var inni í skipulagðri ferð, á ákvarðanatöku um heimsókn á þangað.....	137
248. mynd. Áhrif þess að Sólheimajökull var inni í skipulagðri ferð, á ákvarðanatöku um heimsókn á þangað.....	137
249. mynd. Áhrif þess að Þingvellir voru inni í skipulagðri ferð, á ákvarðanatöku um heimsókn á þangað.....	138
250. mynd. Áhrif þess að Þórsmörk var inni í skipulagðri ferð, á ákvarðanatöku um heimsókn á þangað.....	138
251. mynd. Áhrif norðurljósa á ákvörðun um ferð á Djúpalónssand.....	139
252. mynd. Áhrif norðurljósa á ákvörðun um ferð á Geysissvæðið.....	140
253. mynd. Áhrif norðurljósa á ákvörðun um ferð að Hraunfossam.....	140
254. mynd. Áhrif norðurljósa á ákvörðun um ferð að Jökulsárlóni.....	140
255. mynd. Áhrif norðurljósa á ákvörðun um ferð að Seltúni.....	141
256. mynd. Áhrif norðurljósa á ákvörðun um ferð að Sólheimajökli.....	141
257. mynd. Áhrif norðurljósa á ákvörðun um ferð á Þingvelli.....	141
258. mynd. Áhrif norðurljósa á ákvörðun um ferð í Þórsmörk.....	142
259. mynd. Áhrif heimsminjaskrár UNESCO á ákvörðun um ferð á Þingvelli.....	142
260. mynd. Áhrif köfunar í Silfru á ákvörðun um ferð á Þingvelli.....	143
261. mynd. Áhrif áhugaverðs göngusvæðis á ákvörðun um ferð í Þórsmörk.....	143
262. mynd. Áhrifaþættir á ákvörðunartöku erlendra ferðamanna um Íslandsheimsókn - allir staðir saman.....	144
263. mynd. Áhrif frís frá vinnu á ákvörðun erlendra ferðamanna á Djúpalónssandi um Íslandsheimsókn.....	145
264. mynd. Áhrif frís frá vinnu á ákvörðun erlendra ferðamanna við Geysi um Íslandsheimsókn.....	146
265. mynd. Áhrif frís frá vinnu á ákvörðun erlendra ferðamanna við Hraunfossa um Íslandsheimsókn.....	146
266. mynd. Áhrif frís frá vinnu á ákvörðun erlendra ferðamanna við Jökulsárlón um Íslandsheimsókn.....	147
267. mynd. Áhrif frís frá vinnu á ákvörðun erlendra ferðamanna við Seltún um Íslandsheimsókn.....	147
268. mynd. Áhrif frís frá vinnu á ákvörðun erlendra ferðamanna við Sólheimajökul um Íslandsheimsókn.....	147
269. mynd. Áhrif frís frá vinnu á ákvörðun erlendra ferðamanna á Þingvöllum um Íslandsheimsókn.....	148
270. mynd. Áhrif frís frá vinnu á ákvörðun erlendra ferðamanna í Þórsmörk um Íslandsheimsókn.....	148
271. mynd. Áhrif veðurfars á ákvörðun erlendra ferðamanna við Djúpalónssand um Íslandsheimsókn.....	149
272. mynd. Áhrif veðurfars á ákvörðun erlendra ferðamanna við Geysi um Íslandsheimsókn.....	150
273. mynd. Áhrif veðurfars á ákvörðun ferðamanna við Hraunfossa um Íslandsheimsókn.....	150
274. mynd. Áhrif veðurfars á ákvörðun erlendra ferðamanna við Jökulsárlón um Íslandsheimsókn.....	150
275. mynd. Áhrif veðurfars á ákvörðun erlendra ferðamanna við Seltún um Íslandsheimsókn.....	151

276. mynd. Áhrif veðurfars á ákvörðun erlendra ferðamanna við Sólheimajökul um Íslandsheimsókn.	151
277. mynd. Áhrif veðurfars á ákvörðun erlendra ferðamanna á Þingvöllum um Íslandsheimsókn.	152
278. mynd. Áhrif veðurfars á ákvörðun ferðamanna í Þórsmörk um Íslandsheimsókn.	152
279. mynd. Áhrif námsferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna á Djúpálónssandi um Íslandsheimsókn.	153
280. mynd. Áhrif námsferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Geysi um að Íslandsheimsókn.	154
281. mynd. Áhrif námsferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Hraunfossa um Íslandsheimsókn.	154
282. mynd. Áhrif námsferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Jökulsárlón um Íslandsheimsókn.	155
283. mynd. Áhrif námsferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Seltún um Íslandsheimsókn.	155
284. mynd. Áhrif námsferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Sólheimajökul um Íslandsheimsókn.	155
285. mynd. Áhrif námsferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna á Þingvöllum um Íslandsheimsókn.	156
286. mynd. Áhrif námsferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna í Þórsmörk um Íslandsheimsókn.	156
287. mynd. Áhrif góðs verðs eða sértíloboðs á ákvörðun erlendra ferðamanna á Djúpálónssandi um Íslandsheimsókn.	157
288. mynd. Áhrif góðs verðs eða sértíloboðs á ákvörðun erlendra ferðamanna við Geysi um Íslandsheimsókn.	158
289. mynd. Áhrif góðs verðs eða sértíloboðs á ákvörðun erlendra ferðamanna við Hraunfossa um Íslandsheimsókn.	158
290. mynd. Áhrif góðs verðs eða sértíloboðs á ákvörðun erlendra ferðamanna við Jökulsárlón um Íslandsheimsókn.	159
291. mynd. Áhrif góðs verðs eða sértíloboðs á ákvörðun erlendra ferðamanna við Seltún um Íslandsheimsókn.	159
292. mynd. Áhrif góðs verðs eða sértíloboðs á ákvörðun erlendra ferðamanna við Sólheimajökul um Íslandsheimsókn.	160
293. mynd. Áhrif góðs verðs eða sértíloboðs á ákvörðun erlendra ferðamanna á Þingvöllum um Íslandsheimsókn.	160
294. mynd. Áhrif góðs verðs eða sértíloboðs á ákvörðun erlendra ferðamanna í Þórsmörk um Íslandsheimsókn.	161
295. mynd. Áhrif menningarviðburðar á ákvörðun erlendra ferðamanna á Djúpálónssandi um Íslandsheimsókn.	162
296. mynd. Áhrif menningarviðburðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Geysi um Íslandsheimsókn.	162
297. mynd. Áhrif menningarviðburðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Hraunfossa um Íslandsheimsókn.	162
298. mynd. Áhrif menningarviðburðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Jökulsárlón um að ferðast til Íslands.	163
299. mynd. Áhrif menningarviðburðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Seltún um Íslandsheimsókn.	163
300. mynd. Áhrif menningarviðburðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Sólheimajökul um Íslandsheimsókn.	164
301. mynd. Áhrif menningarviðburðar á ákvörðun erlendra ferðamanna á Þingvöllum um Íslandsheimsókn.	164

302. mynd. Áhrif menningarviðburðar á ákvörðun erlendra ferðamanna í Þórsmörk um Íslandsheimsókn.	164
303. mynd. Áhrif næturlífs á ákvörðun erlendra ferðamanna á Djúpálónssandi um Íslandsheimsókn.	166
304. mynd. Áhrif næturlífs á ákvörðun erlendra ferðamanna við Geysi um Íslandsheimsókn.	166
305. mynd. Áhrif næturlífs á ákvörðun erlendra ferðamanna við Hraunfossa um Íslandsheimsókn.	166
306. mynd. Áhrif næturlífs á ákvörðun erlendra ferðamanna við Jökulsárlón um Íslandsheimsókn.	167
307. mynd. Áhrif næturlífs á ákvörðun erlendra ferðamanna við Seltún um Íslandsheimsókn.	167
308. mynd. Áhrif næturlífs á ákvörðun erlendra ferðamanna við Sólheimajökul um Íslandsheimsókn.	168
309. mynd. Áhrif næturlífs á ákvörðun ferðamanna á Þingvöllum um Íslandsheimsókn.	168
310. mynd. Áhrif næturlífs á ákvörðun erlendra ferðamanna í Þórsmörk um Íslandsheimsókn.	168
311. mynd. Áhrif ráðstefnu eða vinnuferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna á Djúpálónssandi um Íslandsheimsókn.	169
312. mynd. Áhrif ráðstefnu eða vinnuferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Geysi um Íslandsheimsókn.	170
313. mynd. Áhrif ráðstefnu eða vinnuferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Hraunfossa um Íslandsheimsókn.	170
314. mynd. Áhrif ráðstefnu eða vinnuferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Jökulsárlón um Íslandsheimsókn.	171
315. mynd. Áhrif ráðstefnu eða vinnuferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Seltún um Íslandsheimsókn.	171
316. mynd. Áhrif ráðstefnu eða vinnuferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Sólheimajökul um Íslandsheimsókn.	172
317. mynd. Áhrif ráðstefnu eða vinnuferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna á Þingvöllum um Íslandsheimsókn.	172
318. mynd. Áhrif ráðstefnu eða vinnuferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna í Þórsmörk um Íslandsheimsókn.	173


1 Inngangur

Náttúruferðamennska (e. nature tourism eða nature-based tourism) er einn helsti vaxtarbroddur ferðaþjónustunnar í heiminum (sjá t.d. Hall, Müller og Saarinen, 2009; Lovelock og Lovelock, 2013). Náttúruferðamennska byggir á fjölbreytilegri náttúruupplifun og er almennt meira háð gæðum umhverfisins en aðrar tegundir ferðamennsku (Fredman og Tyrväinen, 2010). Erlendar rannsóknir (t.d. Simón, Narangajavana og Marqués, 2004) hafa sýnt að ánægja ferðamanna á náttúruskoðunarstöðum minnkar með vaxandi fjölda ferðamanna. Erlendum ferðamönnum sem koma til Íslands hefur fjölgað mikið undanfarna áratugi og þá sérstaklega allra síðustu ár. Sérstæð og fjölbreytileg náttúra er aðal aðdráttarafl landsins, en um 80% erlendra ferðamanna koma til landsins vegna hennar að sumri til og um 77% að vetri (Ferðamálastofa, 2014a, 2014b). Tæplega helmingur erlendra ferðamanna sem kemur til landsins kemur yfir sumarmánuðina þrjá, en ferðamönnum sem koma á öðrum árstímum hefur fjölgað hratt undanfarin ár (Ferðamálastofa, 2015b). Vegna þessarar öru fjölgunar átti Ferðamálastofa frumkvæði að því að farið var af stað með rannsóknarverkefnið *Polmörk ferðamanna á átta vinsælum ferðamannastöðum á Suður- og Vesturlandi*. Staðirnir sem valdir voru til skoðunar voru: Djúpalónssandur, Geysir, Þingvellir, Hraunfossar, Þórsmörk, Jökulsárlón, Seltún og Sólheimajökull (1. mynd). Spurningalistunum var dreift meðal ferðamanna á þessum stöðum á þremur tímabilum; sumarið og haustið 2014 og veturinn 2015.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna:

1. Hvaða ferðamenn heimsóttu fyrrgreinda staði með tilliti til þjóðernis, aldurs, ferðamáta, ferðafélaga og gistimáta.
2. Hvort ferðamönnum fannst vera of margir aðrir ferðamenn eða of mikið af bifreiðum á stöðunum.
3. Hversu ánægðir ferðamenn voru með heimsókn sína, náttúru, innviði og þjónustu á rannsóknarstöðunum átta.
4. Hvernig ferðamenn skynjuðu staðina og hvort ferðamenn sáu ummerki um skemmdir á náttúrunni vegna ferðamennsku.
5. Hvaða þættir höfðu helst áhrif á að ferðamenn völdu að heimsækja rannsóknarstaðina átta og hvaða þættir höfðu helst áhrif á að þeir komu til Íslands.
6. Hvort greina megi tölfræðilega marktækan mun á fyrrgreindum atriðum eftir árstíðum (sumar, haust og vetur) og eftir stöðunum átta.

Í þessari skýrslu er greint frá heildarniðurstöðum rannsóknarinnar, en áður hafa niðurstöður úr sumarkönnuninni verið birtar (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2015). Að loknum inngangi er sagt frá helstu kennistærðum varðandi fjölgun ferðamanna og dreifingu þeirra um landið í tíma og rúmi. Í þriðja kafla er greint frá aðferðum sem beitt var við gagnaöflun og úrvinnslu gagna. Fjórdi kafli hefur að geyma niðurstöður tölfræðigreiningarinnar. Að lokum er efni skýrslunnar dregið saman og rætt um þær vísbendingar sem efni skýrslunnar gefur um nauðsyn þess að grípa til aðgerða til að forðast ofnýtingu ferðamanna á náttúruskoðunarstöðum hér á landi.



1. mynd. Rannsóknastaðirnir átta.

2 Þolmörk ferðamennsku og sjálfbærni

2.1 Vaxandi náttúruferðamennska

Fjöldi ferðamanna (fólks sem hefur ferðast út fyrir sitt heimaland) hefur á heimsvísu nær fimmtugfaldast frá árinu 1950, farið úr 25 milljónum í 1133 milljónir árið 2014 (UNWTO, 2015). Þessi mikli fjöldi ferðamanna hefur mikil og margvísleg áhrif, bæði jákvæð og neikvæð. Sem dæmi um jákvæð áhrif ferðamennsku má nefna auknar tekjur, atvinnusköpun og herra þjónustustig á áfangastaðnum. Neikvæðar afleiðingar ferðamennsku geta hins vegar t.d. komið fram í herra fasteignaverði, aukinni mengun og umhverfisspjöllum. Samhliða vaxandi fjölda ferðamanna hafa neikvæð áhrif aukist og orðið áberandi á vinsælum ferðamannastöðum. Afleiðingar fjöldaferðamennsku byrjuðu t.d. að koma í ljós á sjöunda áratugnum við Miðjarðarhafið og ógnuðu tilveru staðanna og ímynd þeirra (sjá t.d. Robinson, 1996).

Náttúruferðamennska er víðtækt hugtak sem hefur verið skilgreint sem ferðamennska sem stunduð er í náttúrunni þar sem meginmarkmið ferðamanna er að njóta og upplifa náttúru og landslag (Boyd og Hall, 2005; Fennell, 2003; Fredman og Tyrväinen, 2010; Goodwin, 1996). Náttúruferðamennska er sú tegund ferðamennsku sem vex hraðast á heimsvísu og er nú um 10-30% af ferðamarkaði veraldarinnar og árlegur vöxtur um 20% á ári (Lovelock og Lovelock, 2013). Afleiðingar þessarar þróunar hafa meðal annars verið að afskekktir heimshlutar eins og t.d. heimskautasvæðin, sem áður voru óaðgengileg eru nú heimsótt af sívaxandi fjölda ferðamanna (Hall og Saarinen, 2010). Ferðaþjónustan sem atvinnugrein er því farin að nýta náttúruauðlindir á þessum svæðum eins og t.d. lítt spillta náttúru þeirra, vatn, orku, matvæli og land. Jafnframt hefur ferðaþjónustan sem atvinnugrein breytt umhverfi þeirra með uppbyggingu innviða til að taka á móti ferðamönnum. Loft- og sorpmengun fylgir komu ferðamanna ásamt skolpi. Dýralíf getur einnig orðið fyrir röskun og vistkerfi eyðilagst bæði þegar í þeim er byggð upp aðstaða fyrir ferðamenn og ekki síður þegar fótspor eða hjólför eftir ferðamenn raska gróðurfari eða setja af stað jarðvegseyðingu (sjá t.d. Weaver, 2013). Sérstaða atvinnugreinarinnar ferðaþjónustu er að hún er stunduð í sumum af viðkvæmstu vistkerfum heims og á stöðum þar sem annars konar atvinnustarfssemi myndi aldrei vera leyfð. Williams og Ponsford (2009) orðuðu þessa sérstöðu greinarinnar á eftirfarandi hátt:

Like most other industries, tourism stresses natural environments through a range of infrastructure development, resource consumption and waste generation processes. In contrast to many other industries, these processes occur in some of the most ecologically

fragile locations on the planet—coastal, montane and riverine environments.

(Williams og Ponsford, 2009, bls. 1).

Fáum myndi t.d. detta í hug að sækja um leyfi til að byggja framleiðsluiðnað eins og álver í Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Leyfi til slíks yrði líklega aldrei veitt. Hins vegar þarf ekki að sækja um leyfi til að stunda atvinnugreinina ferðaþjónustu á helgistað Íslendinga, heldur þykir eðlilegt að ferðaþjónustan „geri út á staðinn“ þar sem söluvaran er einstök náttúra og saga.

2.2 Sjálfbær ferðamennska

Hugmyndin um sjálfbærni felur í sér að mannfólkið eigi að nýta náttúruauðlindir Jarðar í hófi og forðast að spilla umhverfinu við nýtingu þess (Du Pisani, 2006). Þessi hugmynd er grunnurinn að hugtakinu sjálfbær þróun, sem fjallað var fyrst um í skýrslunni Sameiginleg framtíð okkar (Our Common Future) sem gefin var út árið 1987 undir forystu Gro Harlem Brundtland (WCED, 1987). Hugtakið fékk enn meira vægi eftir heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Rio de Janeiro árið 1992. Þar var samþykkt framkvæmdaáætlun, í daglegu tali kölluð Dagskrá 21 (e. Agenda 21). Þessi áætlun var síðan útfærð fyrir hinar ýmsu atvinnugreinar, þar með talið ferðaþjónustuna. WTTC (World Travel and Tourism Council), Alþjóðlegu ferðamálasamtökin (UNWTO), og Earth Council unnu slíka áætlun (1995) sem birtist í skýrslunni Dagskrá 21 fyrir ferðaþjónustuna - í átt að sjálfbærri þróun umhverfisins (Agenda 21 for the Travel & Tourism Industry - Towards Environmentally Sustainable Development). Íslensk stjórnvöld settu fram stefnu Íslands er varðar sjálfbæra þróun í ritinu Velferð til framtíðar árið 2002. Þar er sjálfbær þróun skilgreind „sem þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum“ (Umhverfisráðuneytið, 2002, bls. 9). Þar skuldbinda stjórnvöld sig einnig til að stuðla að sjálfbærni í ferðaþjónustu og viðurkennt er að ferðaþjónustan þarf eins og aðrar atvinnugreinar að verða sjálfbær með tilliti til félagslegra, umhverfislegra og efnahagslegra þátta.

Sjálfbær ferðamennska (e. sustainable tourism) hefur verið skilgreind af mörgum og á ýmsan hátt. Alþjóðlegu ferðamálasamtökin og Umhverfismálasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNEP) (bls. 12, 2005) skilgreindu hana sem: „*tourism that takes full account of its current and future economic, social and environmental impacts, addressing the needs of visitors, the industry, the environment and host communities*“. Með öðrum orðum þá gengur sjálfbær ferðamennska ekki á náttúrulegar eða menningarlegar auðlindir Jarðar og er efnahagslega ásættanleg. Þar eru langtímasjónarmið höfð að leiðarljósi þannig að komandi kynslóðir geti notið sömu gæða og við gerum nú á tímum. Hún þarf jafnframt að taka tillit til þarfa heimamanna, ferðamanna og ferðaþjónustunnar. Hugmyndafræði sjálfbærrar ferðamennsku felur í sér viðurkenningu á því að ferðamennska geti

haft neikvæð áhrif á áfangastaðinn og að það séu takmörk fyrir því, hversu mörgum ferðamönnum hver ferðamannastaður getur tekið á móti (Saarinen, 2014).


Hugtakið hefur verið gagnrýnt af ýmsum, meðal annars fyrir að vera flókið, óljóst og víðtækt auk þess sem því fylgja engar skýrar leiðbeiningar um hvernig hægt er að ná markmiðum um sjálfbærni. Engu að síður hefur hugtakið skapað grundvöll þar sem hinir fjölmörgu hagsmunaaðilar í ferðamennsku geta rætt saman um aðsteðjandi vanda, reynt að ná samkomulagi og aukið skilning á þeim afleiðingum sem ferðapjónustan getur haft á umhverfið (Saarinen, 2014).

Hugtakið þolmörk ferðamennsku (e. tourism carrying capacity) byggir á sömu hugmynd og sjálfbærni. Það hefur verið skilgreint sem „*Mesti fjöldi ferðamanna sem tiltekið svæði getur tekið á móti án þess að náttúran verði fyrir óásættanlegum breytingum og án þess að óásættanleg skerðing verði á upplifun ferðamanna*“ (Mathieson og Wall, 1982, bls. 21, þýðing höfundar). Hér á landi hafa þolmörk ferðamennsku verið rannsökuð heildstætt á nokkrum ferðamannastöðum (Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl., 2001; Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl., 2003; Anna Dóra Sæþórsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2007; Bergþóra Aradóttir o.fl., 2003). Þolmörk ferðamanna eru sá þáttur þolmarka sem hefur verið mest rannsakaður hér á landi og þá sérstaklega á hálendinu (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2012; Anna Dóra Sæþórsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2012). Notagildi þolmarkahugtaksins sem stjórnækis við uppbyggingu ferðamannastaða hefur verið gagnrýnt meðal annars vegna þess hversu huglæg þolmörkin eru (McCool og Lime, 2001). T.d. er matsatriði hvað teljast vera *óásættanlegar breytingar*, auk þess sem oftast er óljóst hver á að fella þann dóm. Eru það ferðamenn, heimamenn, stjórnendur svæðisins, vísindamenn, stjórnmalamenn eða aðrir hagsmunaaðilar? Viðhorf þessara hópa geta verið mjög ólík og erfitt eða ómögulegt getur verið að setta sjónarmið þeirra. Ef ætlunin er að ákvarða þolmörk út frá viðhorfi ferðamanna, er ekki nóg að meta hvort þeir telji fjöldann sem þangað kemur óásættanlegan, eða skoða hversu ánægðir þeir eru. Samkvæmt Butler (1997) myndi slík nálgun leiða til aukinnar þróunar staðarins og aukins fjölda ferðamanna, þar sem þeim sem líkar ekki staðurinn hætta að koma þangað og ferðast annað en í stað þeirra kemur annar markhópur sem hefur hærri þolmörk. Þannig að ef þolmörk eru miðuð út frá viðhorfum þeirra ferðamanna sem þar eru á hverjum tíma, myndi vera farið yfir þolmörk margra áfangastaða og þeir væru þar með ekki sjálfbærir (Butler, 1997). Það sem gerir enn erfiðara að ákvarða þolmörk ferðamennsku er sú staðreynd að með fjárfestingum og frekari uppbyggingu á innviðum má oft draga úr þeim áhrifum sem ferðamennska hefur á umhverfið. Við það breytist hins vegar ásýnd landsins og náttúrulegt yfirbragð getur minnkað. Við það getur staðurinn hætt að höfða til þeirra ferðamanna sem hafa fram að þessu heimsótt hann. Þess í stað getur annar notendahópur komið í staðinn og þar með færast staðurinn áfram eftir lífsferlinum. Því þarf að liggja fyrir stefna um *fyrir hvers konar ferðamenn og fyrir hvers konar*


ferðamennsku viðkomandi svæði er ætlað og *hvers konar upplifun* því er ætlað að veita. Með öðrum orðum er nauðsynlegt að skýr markmið sé sett fyrir svæðið sem kveði á um hvað eigi að varðveita, hvers konar upplifun svæðið eigi að bjóða upp á og til hvaða markhópa það eigi að höfða. Þetta er nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að ákvarða þolmörk svæðisins (Cole, 2004; McCool, Clark og Stankey, 2007). Vel ígrundaðar ákvarðanir þurfa hins vegar að byggja á staðreyndum. Því þarf að taka tillit til framlags rannsakenda sem hafa það hlutverk að afla upplýsinga og staðreynda sem ákvarðanirnar þurfa að byggja á (Cole, 2004). Sé þetta haft að leiðarljósi, getur hugmyndin um þolmörk ferðamennsku stuðlað að sjálfbærri þróun greinarinnar. Stundum er þó eina leiðin til að koma í veg fyrir hnignun áfangastaða að takmarka fjölda gesta (Butler, 1997, 2004; Martin og Uysal, 1990).

3 Fjölgun ferðamanna á Íslandi

Ísland er orðinn vinsæll áfangastaður. Fjöldi erlendra ferðamanna sem kemur til landsins hefur aukist að meðaltali um 9% á ári, undanfarin 30 ár. Á síðustu fimm árum hefur árleg aukning verið um 22% og árið 2015 komu um 1,3 milljónir erlendra ferðamanna til Íslands (Ferðamálastofa, 2015b). Allt stefnir í að fjöldi erlendra ferðamanna aukist enn frekar árið 2016 og gerir nýjasta farþegaspa Isavia (2016) ráð fyrir 37% aukningu í fjölda erlendra ferðamanna til landsins á árinu 2016. Það gerir rúmlega 1,7 milljónir ferðamanna. Gosið í Eyjafjallajökli vakti athygli heimsbyggðarinnar á Íslandi og markaðsátakið „*Inspired by Iceland*“ sem efnt var til í kjölfar eldgossins kom landinu sannarlega á kortið sem ferðamannastað. Ísland hefur birst á listum sem áhugaverðasti áfangastaðurinn á ýmsum ferðasiðum og var valið áfangastaður ársins af ferðatímaritinu *Luxury Travel Guide* árið 2016. Ísland var einnig efst á lista National Geographic sem besti áfangastaður ársins 2012 (*Best of the world 2012*) og „heitasti“ áfangastaður í Evrópu (*Best of Europe 2012 – Emerging Hot Spots*) samkvæmt vefsíðu Fodor's Travel (2012). Notendur/lesendur Lonely Planet (2012) völdu einnig Ísland og Reykjavík sem bestu áfangastaðina (*Best in Travel Readers' Choice award 2012*) þar sem kosið var annars vegar um land og hins vegar um borg. Loks má nefna að *Rough Guides*, setti Reykjavík efst á lista tíu bestu borganna til að heimsækja árið 2016. Þessi mikli áhugi á Íslandi sem áfangastað endurspeglast meðal annars í auknu framboði flugfélaga á ferðum til og frá landinu. Þar er sérstaklega um að ræða ferðir lággjaldaflugfélaga eins og Wow, Easy Jet og Ryanair. Veik staða íslensku krónunnar gerir líka fleirum en áður mögulegt að ferðast um landið. Ef gert er ráð fyrir sömu árlegu meðalfjölgun ferðamanna næstu ár og verið hefur undanfarna þrjá áratugi, þá munu um 2,6 milljónir erlendra ferðamanna koma til landsins árið 2025. Hins vegar ef miðað er við aukningu síðustu 5 ára, munu um 7,4 milljónir ferðamanna koma til landsins árið 2025. Ef spá Isavia myndi ganga eftir og aukningin yrði 40% á ári, myndu 7,5 milljónir erlendra ferðamanna koma til landsins árið 2020 og rúmlega 40 milljónir árið 2025. Ef hins vegar hægir á fjölguninni og hún yrði 5% kæmu 1,7 milljón erlendra ferðamanna til landsins árið 2025 (2. og 3. mynd).




2. mynd. Fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands og framreikningur á mögulegum fjölda til ársins 2025. Unnið úr gögnum Ferðamálastofu (2015b).




3. mynd. Fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands og framreikningur á mögulegum fjölda til ársins 2025, auk 40% vaxtar. Unnið úr gögnum Ferðamálastofu (2015b).

Um 42% erlendra ferðamanna komu til landsins yfir sumarmánuðina þrjá, júní, júlí og ágúst árið 2014. Frá árinu 2011 hefur fjöldi þeirra sem ferðast utan hins svokallaða háannatíma verið að aukast, en 219 þúsund ferðamenn komu til landsins veturinn 2014 og 216 þúsund um haustið sem er um 38-40% aukning frá árinu 2010 (4. mynd). Auk þess komu tæplega 227 þúsund dagsgestir með skemmtiferðaskipum til landsins, þar af um 105 þúsund til Reykjavíkur og fer stór hluti þeirra í ýmis konar dagsferðir meðal annars Gullna hringinn (Ferðamálastofa, 2015a).




4. mynd. Fjöldi erlendra ferðamanna greindur eftir árstíðum. Heimild: Ferðamálastofa (2015a).



5. mynd. Hlutfallsleg skipting fjölda erlendra ferðamanna greind eftir árstíðum.
Heimild: Ferðamálastofa (2015a).

Yfir sumarmánuðina koma um 80% erlendra ferðamanna til landsins vegna náttúrunnar og er það fegurð náttúrunnar, að hún sé óspillt, sérstæð og fjölbreytileg sem heillar sérstaklega. Vinsælustu náttúruskoðunarstaðir erlendra ferðamanna yfir sumarið eru á Gullna hringnum, en tæp 60% erlendra ferðamanna skoðuðu Gullfoss og Geysi og 50% heimsóttu Þingvelli. Ýmsir staðir á Suðurlandi eru einnig fjölsóttir, en um 42% skoða Jökulsárlón, 44% Skóga og 24% ferðamanna fer í Þórsmörk. Um 27% erlendra ferðamanna ferðaðist um Snæfellsnes og 24% um Borgarfjörð (Ferðamálastofa, 2014a). Litlu lægra hlutfall eða um 77% erlendra ferðamanna kemur til landsins vegna náttúrunnar á veturna en ferðamenn fara minna á fyrrnefnda náttúruskoðunarstaði yfir vetrartímann samanborið við sumarmánuðina. Vinsælustu náttúruskoðunarstaðir erlendra ferðamanna yfir vetrartímann eru, líkt og yfir sumartímann, viðkomustaðir við Gullna hringinn en rúmlega 41% erlendra ferðamanna heimsótti Gullfoss og Geysi og um þriðjungur heimsótti Þingvelli. Um 21% heimsótti Jökulsárlón og um 10% erlendra ferðamanna fór í Þórsmörk yfir vetrartímann. Á Vesturlandi eru vinsælustu viðkomustaðir Snæfellsnes með 17% erlendra ferðamanna og Borgarfjörður þar sem um 13% erlendra ferðamanna ferðast yfir vetrartímann (Ferðamálastofa, 2014b).



6. mynd. Vinsælustu áfangastaðir erlendra ferðamanna sumarið 2014 og veturinn 2013-14.

Heimildir: (Ferðamálastofa, 2014a, 2014b).

Ferðamálayfirvöld hafa lengi stefnt að betri dreifingu ferðamanna bæði í tíma og rúmi og er það áfram gert í nýrri stefnu í ferðaþjónustu: „Áfram verði lögð sérstök áhersla á að kynna allt landið, ekki síst til að lada að ferðamenn utan háannatíma til allra landsbluta en einnig til að draga úr álagi á ásetnum áfangastöðum ferðamanna“ (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðaþjónustunnar, 2015, bls. 24).

4 Spurningalistakönnun

Gagnasöfnun hófst með dreifingu spurningalista um miðjan júní 2014 á Þingvöllum og henni lauk seinni hluta marsmánaðar 2015. Dvalið var í eina viku á hverjum stað fyrir utan að um sumarið var gögnum safnað í 5-6 daga vegna slæms veðurs við Sólheimajökul, Jökulsárlón og Hraunfossa. Spyrjar dreifðu spurningalistum til ferðamanna að jafnaði allan daginn. Á fjölsóttustu ferðamannastöðunum voru þrjár til fjórir spyrjar að störfum, tveir á fámennari stöðum en í Þórsmörk var einn spyrill. Á Þingvöllum voru spyrjar staðsettir við gestastofuna á Hakinu, á bílplaninu við Kastala og við Nikulásargjá (Peningagjá). Í Þórsmörk var spyrill staðsettur í Húsadal og á hinum stöðunum voru spyrjar staðsettir við bílastæði eða þjónustuhús.

Alls fengust rúmlega 26 þúsund útfylltir spurningalistar, þar af tæplega helmingur um sumarið, um fjórðungur um haustið og annar fjórðungur um veturinn (1. tafla). Flest svör fengust frá ferðamönnum við Geysi (tæplega 7.700) og á Þingvöllum (um 6.900), sem eru með fjölsóttustu ferðamannastöðum landsins (Ferðamálastofa, 2014a, 2014b). Spurningalistinn var á íslensku, ensku, þýsku og frönsku. Spurt var meðal annars um ánægju og upplifun ferðamanna, í hverju aðráttarafl staðanna fælist, áhrif annarra ferðamanna á upplifun gesta, dvalarlengd og hvers vegna var komið til Íslands á þessum árstíma auk þess sem spurt var ýmissa bakgrunnsupplýsinga.

1. tafla. Fjöldi svaraðra spurningalista á hverjum stað eftir árstíðum.

Rannsóknarstaðir	Alls	Sumar		Haust		Vetur	
	Fjöldi svaraðra spurningalista	Gagnasöfnunardagar	Fjöldi svaraðra spurningalista	Gagnasöfnunardagar	Fjöldi svaraðra spurningalista	Gagnasöfnunardagar	Fjöldi svaraðra spurningalista
Djúpalónssandur	1.110	23.-29. júní	793	17.-23. október	185	2.-8. mars	132
Geysir	7.683	5.-11. ágúst	2.868	13.-19. október	2.394	2.-8. mars	2.421
Hraunfossar	2.096	9.-14. júlí	1.419	8.-14. október	317	17.-23. mars	360
Jökulsárlón	3.100	18.-22. júlí	2.056	6.-12. október	570	23. feb-1. mars	474
Seltún	2.016	12.-18. ágúst	934	1.-7. nóvember	553	17.-24. mars	529
Sólheimajökull	2.758	2.-6. júlí	521	24.-30. október	1.316	17.-23. febrúar	921
Þingvellir	6.893	16.-22. júní	3.608	29. sep - 5. okt	1.364	9.-15. febrúar	1.921
Þórsmörk	535	25.-31. júlí	446	6.-12. október	43	1.-6. mars	46
Alls	26.191		12.645		6.742		6.804

Geint er frá niðurstöðu könnunarinnar annars vegar með lýsandi tölfraði (t.d. myndir, töflur, meðaltöl og hlutföll) og hins vegar með ályktunartölfraði, þar sem kannað er hvort að úrtökin sem tekin voru endurspegli að öllum líkindum þýðið. Í umfjölluninni hér á eftir, er fyrst gefið heildaryfirlit fyrir hverja spurningu fyrir sig fyrir alla staðina saman og síðan er lýst niðurstöðu frá hverjum stað fyrir sig, þar sem þeir eru teknir fyrir í stafrófsröð. Þar sem niðurstöður eru sýndar sem hlutfallstölur er til einföldunar námundað í næstu heilu tölu.

Svarmöguleikar sumra spurninganna voru á fimm stiga Likert-kvarða, t.d. 1 = mjög óánægð(ur), 2 = óánægð(ur), 3 = hlutlaus, 4 = ánægð(ur), 5 = mjög ánægð(ur). Út úr þessu var reiknað meðaltal sem var notað til að bera saman hvort tölfræðilegur marktækur munur væri á milli staðanna sem og á milli árstíða. Dæmi um framsetningu á niðurstöðum má sjá í 2. töflu. Meðaltöl hvernar árstíðar og fyrir heildina eru vinstra megin í töflunni og er þar númer fyrir framan hvern stað (t.d. 1 Djúpálónssandur, 2 Geysir, 3 Hraunfossar o.s.frv.). Þessi númer eru síðan notuð í myndrænu framsetningunni („taflborðunum“) hægra megin í töflunni þar sem númerin á lóðréttu og láréttu línunni vísa til viðkomandi staðar. Í reitunum sjálfum (gulu og grænu) er greint frá niðurstöðum einhliða dreifigreiningar (e. one-way anova), þar sem marghliða samanburður var gerður með Games-Howell prófi, um hvort tölfræðilega marktækur munur hafi verið á milli staðanna - hver staður borinn saman við alla hina staðina. Þar táknar græni liturinn marktækan mun ($p < 0,05$) en guli liturinn táknar að munurinn sé ekki tölfræðilega marktækur ($p > 0,05$). Þetta er gert annars vegar fyrir heildarniðurstöðu viðkomandi spurningar (þ.e. „allar árstíðir“) og hins vegar fyrir niðurstöðuna eftir árstíðum (þ.e. sumar, haust og vetur). Til nánari skýringar má taka sem dæmi niðurstöður spurningarinnar um hversu ánægðir ferðamenn voru með göngustíga svæðanna. Ef niðurstöður haustsins eru t.d. skoðaðar sést á meðaltölunum að ánægjan er minnst við Jökulsárlón (4,06) og Geysi (4,15). Á „taflborðinu“ sést að allir reitir í línu 2 og línu 4 eru grænir fyrir utan einn. Það þýðir að það er tölfræðilega marktæk minni ánægja með göngustígana við Jökulsárlón og Geysi miðað við alla hina staðina en hins vegar er ekki marktækur munur á samanburði þessara tveggja staða (þ.e. guli reiturinn í línu 2, dálki 4 og í línu 4 dálki 2).

2. tafla. Dæmi um greiningu niðurstaðna: Ánægja með göngustíga, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktæktarprófs milli staða.

	Alls	Sumar	Haust	Vetur
1 Djúpálónssandur	4,26	4,28	4,33	4,02
2 Geysir	4,06	4,05	4,15	3,99
3 Hraunfossar	4,22	4,18	4,33	4,24
4 Jökulsárlón	3,95	3,90	4,06	4,01
5 Seltún	4,23	4,23	4,32	4,15
6 Sólheimajökull	4,26	4,17	4,28	4,27
7 Þingvellir	4,32	4,35	4,34	4,27
8 Þórsmörk	4,37	4,38	4,59	3,85
Allir staðir	4,18	4,17	4,24	4,14

Allar árstíðir		Sumar	
	1 2 3 4 5 6 7 8		1 2 3 4 5 6 7 8
1	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	1	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■
2	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	2	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■
3	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	3	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■
4	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	4	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■
5	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	5	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■
6	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	6	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■
7	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	7	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■
8	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	8	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■

Haust		Vetur	
	1 2 3 4 5 6 7 8		1 2 3 4 5 6 7 8
1	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	1	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■
2	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	2	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■
3	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	3	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■
4	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	4	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■
5	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	5	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■
6	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	6	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■
7	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	7	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■
8	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■	8	■ ■ ■ ■ ■ ■ ■ ■

■ munur milli staða ■ ekki munur milli staða

5 Niðurstöður

5.1 Kyn, aldur og endurkoma

Á heildina litið voru fleiri konur að ferðast á svæðunum en karlar og athyglisvert var að hlutfall kvenna var enn hærra að vetri til en að sumarlagi eða um haust. Karlmenn voru þó í meirihluta í Þórsmörk á öllum árstíðum og við Seltún um haustið (3. tafla). Yfir 80% svarenda á öllum stöðum og tímum voru að koma í fyrsta skipti á staðinn sem þeir heimsóttu, nema í Þórsmörk um haustið og veturinn, þegar meirihluti hafði komið áður.

3. tafla. Kyn og endurkoma (%).

		Alls	Djúpalóns.	Geysir	Hraunf.	Jökulsárl.	Seltún	Sólheimaj.	Þingvellir	Þórsmörk	
Kyn	Sumar	kvk	53,1	55,1	51,0	55,2	54,8	50,2	52,2	54,3	45,5
		kk	46,9	44,9	49,0	44,8	45,2	49,8	47,8	45,7	54,5
	Haust	kvk	54,6	54,5	56,3	46,6	55,9	43,7	56,0	56,3	42,5
		kk	45,4	45,5	43,7	53,4	44,1	56,3	44,0	43,7	57,5
	Vetur	kvk	57,8	56,7	58,6	51,5	52,4	54,7	60,8	59,2	42,2
		kk	42,2	43,3	41,4	48,5	47,6	45,3	39,2	40,8	57,8
Komið áður	Sumar	já	13,6	14,5	14,5	18,5	14,1	11,8	7,1	12,0	11,2
		nei	86,4	85,5	85,5	81,5	85,9	88,2	92,9	88,0	88,8
	Haust	já	10,0	9,6	9,9	5,5	11,1	17,5	5,8	11,1	61,9
		nei	90,0	90,4	90,1	94,5	88,9	82,5	94,2	88,9	38,1
	Vetur	já	9,0	16,9	6,5	12,2	15,6	13,8	6,1	9,4	51,2
		nei	91,0	83,1	93,5	87,8	84,4	86,2	93,9	90,6	48,8

Meðalaldur var lang hæstur um sumarið og ívið hærri um veturinn en um haustið ($F=543,240$; $p<0,001$). Þetta á einnig við ef litið er á hvern stað fyrir sig, nema Þórsmörk - þar var meðalaldur lægstur um sumarið (36,59), og talsvert lægri en á öðrum stöðum. Yfir heildina litið var meðalaldur hæstur á Djúpalónssandi (47,23) og við Hraunfossa (45,39). Hann var lægstur við Sólheimajökul (31,84) og í Þórsmörk (37,43). Marktækur munur var á meðalaldri flestra staða um sumarið, en mun minna var um mun milli staða um haustið og veturinn. Um haustið var meðalaldur við Hraunfossa (42,52) hærri en á flestum öðrum stöðum. Lang lægsti meðalaldur um haust og vetur var við Sólheimajökul (28,27 og 31,90), en meðalaldur var einnig mjög lágur á Þingvöllum um veturinn (35,66).

4. tafla. Meðalaldur á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.

	Alls	Sumar	Haust	Vetur
1 Djúpalónssandur	47,23	50,40	40,77	37,91
2 Geysir	40,06	40,98	37,69	41,32
3 Hraunfossar	45,39	47,49	42,52	39,98
4 Jökulsárlón	41,39	42,68	38,59	39,20
5 Seltún	40,55	43,02	37,50	39,31
6 Sólheimajökull	31,84	40,86	28,27	31,90
7 Þingvellir	42,78	47,60	40,33	35,66
8 Þórsmörk	37,43	36,59	41,24	42,29
Allir staðir	40,78	44,42	36,80	37,97

Allar árstíðir								
	1	2	3	4	5	6	7	8
1	■	■	■	■	■	■	■	■
2	■	■	■	■	■	■	■	■
3	■	■	■	■	■	■	■	■
4	■	■	■	■	■	■	■	■
5	■	■	■	■	■	■	■	■
6	■	■	■	■	■	■	■	■
7	■	■	■	■	■	■	■	■
8	■	■	■	■	■	■	■	■

Sumar								
	1	2	3	4	5	6	7	8
1	■	■	■	■	■	■	■	■
2	■	■	■	■	■	■	■	■
3	■	■	■	■	■	■	■	■
4	■	■	■	■	■	■	■	■
5	■	■	■	■	■	■	■	■
6	■	■	■	■	■	■	■	■
7	■	■	■	■	■	■	■	■
8	■	■	■	■	■	■	■	■

Haust								
	1	2	3	4	5	6	7	8
1	■	■	■	■	■	■	■	■
2	■	■	■	■	■	■	■	■
3	■	■	■	■	■	■	■	■
4	■	■	■	■	■	■	■	■
5	■	■	■	■	■	■	■	■
6	■	■	■	■	■	■	■	■
7	■	■	■	■	■	■	■	■
8	■	■	■	■	■	■	■	■

Vetur								
	1	2	3	4	5	6	7	8
1	■	■	■	■	■	■	■	■
2	■	■	■	■	■	■	■	■
3	■	■	■	■	■	■	■	■
4	■	■	■	■	■	■	■	■
5	■	■	■	■	■	■	■	■
6	■	■	■	■	■	■	■	■
7	■	■	■	■	■	■	■	■
8	■	■	■	■	■	■	■	■

■ munur milli staða ■ ekki munur milli staða

5.2 Þjóðerni

Á heildina litið voru Bretar fjölmennastir. Þeir voru 43% allra í úrtakinu um veturinn, tæpur þriðjungur um haustið en tæp 9% um sumarið. Bandaríkja- og Kanadamenn voru í nokkuð jöfnu hlutfalli yfir árið eða á bilinu 15-18%. Þjóðverjar voru fjölmennastir yfir sumartímann eða 22% úrtaksins, en hlutfall þeirra var talsvert lægra (7-8%) utan háannatíma. Sama má segja um Frakka sem voru fjölmennir um sumarið en færri um haustið og veturinn. Norðurlandabúar voru 10% um haustið og 7-8% á öðrum árstímum og Íslendingar á bilinu 4-8%. Flokkarnir: Hollendingar/Belgar, Svisslendingar/Austurríkismenn og Asíubúar voru hver og einn 5% allra í úrtakinu. Meðal Asíubúa voru algengustu þjóðernin Kínverjar (1%), Singapúrbúar (0,6%), Ísraelar (0,5%), Taívanir (0,4%), Japanir (0,4%), Hong Kongbúar (0,4%) og Indverjar (0,3%). Undir 5%, voru Ítalir/Spánverjar (4%) en þeir voru fjölmennari um sumarið (6%), Ástralir/Nýsjálendingar 2%, Pólverjar/Tékkar/Slóvenar/Ungverjar/Slóvakar 2% og Rússar ásamt íbúum frá Eystrasaltlöndunum 1%. Önnur þjóðerni voru samtals 2% úrtaksins (5. tafla).¹

¹ Í myndunum sem sýna þjóðernisskiptingu á hverjum stað (5. tafla) er þeim flokkum sem ekki ná meira en 5% á hverjum árstíma bætt við flokkinn „aðrir“ svo auðveldara sé að lesa í myndirnar.

5. tafla. Yfirlit yfir þjóðerni.

Þjóðerni	Alls		Sumar		Haust		Vetur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Bretland/Írland	5.667	23,7	981	8,5	2.006	32,5	2.680	43,1
USA/Canada	3.795	15,9	1.760	15,3	1.078	17,5	957	15,4
Þýskaland	3.367	14,1	2.471	21,5	432	7,0	464	7,5
Frakkland	2.129	8,9	1.277	11,1	336	5,4	516	8,3
Norðurlönd	1.613	6,7	789	6,9	620	10,0	204	3,3
Ísland	1.335	5,6	943	8,2	235	3,8	157	2,5
Holland/Belgía	1.239	5,2	735	6,4	236	3,8	268	4,3
Sviss/Austurríki	1.176	4,9	805	7,0	191	3,1	180	2,9
Asía	1.100	4,6	329	2,9	413	6,7	358	5,8
Ítalía/Spánn	869	3,6	655	5,7	144	2,3	70	1,1
Ástralía/N-Sjáländ	525	2,2	192	1,7	204	3,3	129	2,1
Póll./Tékkland./Slóvenland./Ungv.	450	1,9	314	2,7	74	1,2	62	1,0
Rússland/Eystrasalt	166	0,7	84	0,7	61	1,0	21	0,3
Aðrir	467	2,0	165	1,4	145	2,3	157	2,5
	23.898	100	11.500	100	6.175	100	6.223	100

Mjög breytilegt var hvernig ferðamenn frá þessum þjóðum dreifðust eftir rannsóknastöðunum átta. Á Djúpalónssandi voru Bandaríkja- og Kanadamenn hlutfallslega stærsti hópurinn í heildarúrtakinu. Þeir voru lang stærsti hópurinn um haustið (31%) og veturinn (26%) og næst stærsti hópurinn um sumarið (18%). Þjóðverjar voru hlutfallslega flestir allra þjóðerna (20%) um sumarið og einnig fjölmennir um veturinn (19%), en voru aftur á móti fáir um haustið (2%). Íslendingar voru nokkuð stór hópur á öllum árstímum eða á bilinu 7-14%. Frakkar voru, líkt og Þjóðverjar, hlutfallslega margir um sumarið (12%) og veturinn (9%) en fáir um haustið (2%). Það sama má segja um Svisslendinga og Austurríkismenn. Minni sveiflur voru í fjölda Breta á svæðinu, en þeir voru á bilinu 8-14% á öllum árstíðum. Asíubúar voru fjölmennur hópur um haustið eða 18% svarenda en um sumarið og veturinn voru þeir aðeins í kringum 3% svarenda (7. mynd).

Við Geysi voru hlutfallslega margir Bretar eða þriðjungur svarenda um haustið og rúmlega helmingur svarenda um veturinn, en hlutfallslega mun færri um sumarið eða tæplega 8%. Um sumarið voru Þjóðverjar fjölmennasta þjóðernið eða um fjórðungur allra í úrtakinu en þeir voru fáir á öðrum árstímum. Nokkuð jafnt hlutfall Bandaríkja- og Kanadamanna var við Geysi á öllum árstíðum eða á bilinu 15-18%. Norðurlandabúar voru hlutfallslega margir um haustið (16%) og nokkuð margir um sumarið (8%) en fáir um veturinn (2%). Margir Frakkar voru við Geysi um sumarið (12%) en öllu færri um haustið og veturinn og það sama má segja um Ítali og Spánverja, sem voru 9% um sumarið en fáir á öðrum árstíðum. Íslendingar voru aðeins 3% svarenda við Geysi í heild og sérstaklega voru þeir fámennir um veturinn eða 1% (8. mynd).

Við Hraunfossa voru Þjóðverjar (21%) og Íslendingar (20%) fjölmennustu þjóðernin yfir sumarið en engir Íslendingar voru á svæðinu þegar könnunin var gerð um haustið. Talsvert var af

Þjóðverjum bæði um haustið (12%) og veturinn (21%). Bandaríkja- og Kanadamenn voru ekki fjölmennur hópur um sumarið en þeir voru stærsti hópurinn um haustið (23%) og sá næst stærsti um veturinn (18%). Svipaða sögu er að segja um Breta, Asíubúa og Belga/Hollendinga sem voru í hærra hlutfalli um haustið og veturinn en um sumarið. Hópurinn „aðrir“, þ.e.a.s. þeir hópar sem voru með 5% og minna á hverjum árstíma, var nokkuð stór við Hraunfossa um haustið og veturinn (9. mynd). Þar munaði mestu um Ítali, Spánverja, Ástrali, Litháa og Rússa um haustið og Brasilíumenn, Ástrali, Portúgali og Pólverja um veturinn.


Við Jökulsárlón voru mjög margir Þjóðverjar um sumarið (22%) og nokkuð margir um haustið (12%) og veturinn (11%). Bandaríkja- og Kanadamenn voru einnig margir sérstaklega um haustið eða tæplega 21%. Frakkar voru um 15% svarenda um sumarið og tæplega 12% um veturinn en öllu færri um haustið (6%). Fáir Bretar voru við Jökulsárlón um sumarið (5%) en þeir voru aftur á móti fjölmennasti hópur aðspurðra um veturinn eða 22%. Asíubúar í heildina voru einnig fáir um sumarið (4%) en margir um haustið (15%) og veturinn (20%). Þeir voru flestir frá Kína bæði um haustið (4%) og veturinn (8%) en einnig Singapúrúar um haustið (2%) og veturinn (4%). Flokkurinn „aðrir“ var nokkuð fjölmennur um haustið eða tæplega 18% svarenda (10. mynd).

Við Seltún voru flestir svarenda frá Þýskalandi og næst flestir frá Frakklandi. Bretar voru einnig fjölmennur hópur sérstaklega um haustið (22%). Það sama má segja um Bandaríkja- og Kanadamenn sem voru ekki fjölmennur hópur um sumarið, fleiri um haustið og fjölmennasti hópurinn um veturinn (24%). Mikið var um Ítali og Spánverja þegar könnunin fór fram um sumarið (12%) en þeir voru fáir á öðrum árstíðum (11. mynd).


Við Sólheimajökul voru Bretar lang fjölmennasti hópurinn, og þá sérstaklega um haustið þegar þeir voru 62% allra. Þá voru þeir rétt tæplega helmingur svarenda um veturinn. Bandaríkja- og Kanadamenn voru rúmur fjórðungur gesta um sumarið og næst stærsti hópurinn um haustið og veturinn. Um sumarið tilheyrðu 22% floknum „aðrir“ og en þá voru Ástralir (5%), Svisslendingar (4%) og Spánverjar (3%) stærsti hópurinn (12. mynd).

Á Þingvöllum voru Bandaríkja- og Kanadamenn (21%) ásamt Þjóðverjum (21%) fjölmennustu hóparnir um sumarið. Bretar voru hlutfallslega fáir um sumarið (12%), en um haustið voru þeir tæpur fjórðungur og helmingur allra í könnuninni um veturinn. Norðurlandabúar voru nokkuð áberandi um sumarið (8%) og í enn hærra hlutfalli um haustið (13%). Flokkurinn „aðrir“ var nokkuð stór á Þingvöllum um sumarið og haustið (13. mynd) og þar munaði mestu um Ástrali, Svisslendinga, Spánverja, Austurríkismenn og Ítali.


Í Þórsmörk voru Þjóðverjar (18%), Frakkar (15%) og Belgar/Hollendingar (12%) fjölmennastir um sumarið en um haustið voru Íslendingar (27%) fjölmennastir og Bretar um veturinn (43%) (14. mynd).




7. mynd. Þjóðerni á Djupalónssandi.




8. mynd. Þjóðerni við Geysi.




9. mynd. Þjóðerni við Hraunfossa.




10. mynd. Þjóðerni við Jökulsárlón.




11. mynd. Þjóðerni við Seltún.



12. mynd. Þjóðerni við Sólheimajökul.



13. mynd. Þjóðerni á Þingvöllum.



14. mynd. Þjóðerni í Þórsmörk.

5.3 Ferðamáti

Algengast var að ferðamenn kæmu á staðina í hópferðabifreiðum, en 49% svarenda nýttu þann ferðamáta og heldur fleiri um haustið og veturinn en um sumarið. Margir (37%) voru á bílaleigubílum, en um sumartímamann var sá ferðamáti algengastur. Nokkrir voru á eigin bíl (12%) en hlutfall þeirra var lægra um haustið og veturinn en um sumarið. Um 10% kvaðst vera gangandi og það er áhugavert að hlutfall gangandi var nokkuð jafnt milli árstíma. Væntanlega voru svarendur að meina að þeir gengu um þegar þeir væru að skoða viðkomandi staði en ekki að þessi mikli fjöldi væri að ganga á milli staða. Farþegar skemmtiferðaskipa voru tæp 6% svarenda um sumarið. Þeir sem voru í jeppaferðum voru 4%, á mótórhjólí/fjór hjólí 1% og á reiðhjólí tæplega 1% á sumrin og mun færri á öðrum árstíma (6. tafla).

6. tafla. Yfirlit yfir ferðamáta

Ferðamáti	Alls		Sumar		Haust		Vetur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hópferðabíll	11.838	48,9	4.497	37,9	3.406	54,7	3.935	64,0
Bílaleigubíll	8.998	37,1	5.093	43,0	2.197	35,3	1.708	27,8
Eigin bíll	3.009	12,4	1.870	15,8	693	11,1	446	7,3
Gangandi	2.319	9,6	986	8,3	642	10,3	691	11,2
Jeppaferð	948	3,9	460	3,9	214	3,4	274	4,5
Skemmtiferðaskip	700	2,9	655	5,5	28	0,4	17	0,3
Mótórhjól/fjór hjól	265	1,1	177	1,5	35	0,6	53	0,9
Hjólandi	125	0,5	97	0,8	20	0,3	8	0,1
Alls (ath. fjölvalsspurning)	24.230	116	11.850	117	6.231	116	6.149	116

Á Djúpálónssandi voru hópferðabílar mest notaði ferðamátinn um sumarið (40%). Einnig ferðaðist hátt hlutfall gesta þar með hópferðabílum um haustið (36%) og veturinn (37%), en á þeim árstímum voru þó fleiri sem ferðuðust á bílaleigubílum (48% um haustið og 46% um veturinn). Þeir sem ferðuðust á eigin bíl voru á bilinu 16-19% og nokkuð var um að fólk væri gangandi, og þá sérstaklega um veturinn því þá var hlutfall þeirra sem var gangandi rúmlega 11%. Um sumarið voru farþegar skemmtiferðaskipa 5% gesta (15. mynd).

Við Geysi var rúmur þriðjungur gesta á ferð með hópferðabíl, en meirihluti allra nýtti þann ferðamáta um haustið (61%) og veturinn (80%). Bílaleigubíll var mest notaði ferðamáti þeirra sem svöruðu könnuninni um sumarið (45%), en minna var um að gestir væru á bílaleigubílum um haustið (28%) og enn minna um veturinn (14%). Þeir sem voru á ferð á eigin bíl voru 13% allra um sumarið en 11% um haustið og 4% um veturinn. Talsvert var um að gestir við Geysi voru gangandi, tæplega 10% um sumarið og 13% um haustið og veturinn. Tíundi hver svarandi könnunarinnar yfir sumarið var á ferð með skemmtiferðaskipi. Nokkuð bar á því um haustið og veturinn að ferðamenn væru í jeppaferðum (16. mynd).

Við Hraunfossa voru flestir á ferð á bílaleigubílum um haustið (66%) og veturinn (72%), en um sumarið voru þeir sem ferðuðust á bílaleigubíl álíka fjölmennur hópur og þeir sem komu á hópferðabíl (37%). Um haustið var hlutfall þeirra sem ferðuðust með hópferðabíl 26% og um veturinn voru þeir hlutfallslega fáir – aðeins tæplega 7%. Tæpur fjórðungur var á ferð við Hraunfossa á eigin bíl um sumarið og einnig um veturinn en hlutfallslega færri um haustið (12%). Lítið var um aðra ferðamáta, en þó var eitthvað um að svarendur væru í jeppaferð eða gangandi (17. mynd).

Við Jökulsárlón var um helmingur svarenda á öllum árstímum að ferðast með bílaleigubílum. Á bilinu 37-40% voru í hópferðabílum og talsvert var einnig um að gestir væru á eigin bílum eða gangandi. Nokkuð bar á ferðamönnum í jeppaferðum, hlutfallslega mest um veturinn (6%). Farþegar skemmtiferðaskipa voru 3% svarenda yfir sumartímamann (18. mynd).


Við Seltún voru einnig flestir svarendur í bílaleigubílum. Þeir sem ferðuðust á eigin bíl voru 22% á sumrin og 27% um haustið, en eilítið færri um veturinn 17%. Hlutfall þeirra sem var á ferð með hópferðabíl var svipað um sumar og haust (17-18%) en hærra yfir veturinn (28%). Um sumarið voru 5% svarenda farþegar skemmtiferðaskipa, og aðeins færri gangandi eða í jeppaferðum. Talsvert var um að gestir við Seltún væru gangandi um haustið eða 9% svarenda (19. mynd).

Við Sólheimajökul var algengast að ferðamenn væru á bílaleigubílum um sumarið (45%), og næst algengast að þeir væru á hópferðabíl (42%). Hópferðabílar voru þó lang algengasti ferðamáttinn um haustið eða tæplega 76% og veturinn 66% en þá komu bílaleigubílar næst með 21% um haust og 28% um vetur. Margir voru á ferð á eigin bíl við Sólheimajökul að sumri til (15%), en fáir um haustið og veturinn. Um 8% svarenda var gangandi um haustið og 10% um veturinn (20. mynd).


Á Þingvöllum var algengast að fólk ferðaðist með hópferðabílum á öllum árstímum, og þá helst um veturinn eða þrjú fjórðu hlutar svarenda. Bílaleigubílar voru næst algengasti ferðamáttinn en hlutfall þeirra sem nýttu sér þá var svipað um sumarið (39%) og haustið (36%) en aðeins lægra um veturinn (21%). Svipað má segja um hlutfall þeirra sem ferðuðust á eigin bíl, það var algengur ferðamátti yfir sumarið (13%), en heldur sjaldgæfari á öðrum árstíma. Hlutfall gangandi var hæst um haustið (12%) og veturinn (13%). Farþegar skemmtiferðaskipa voru 6% svarenda á Þingvöllum um sumarið (21. mynd).

Í Þórsmörk var algengast að fólk væri gangandi um sumarið (52%), en öllu færri voru gangandi um haust og vetur. Um helmingur svarenda var á ferð með hópferðabíl um sumarið og haustið en enginn að vetri til. Tæpur þriðjungur ferðaðist á bílaleigubílum um sumarið og veturinn en rúmur helmingur um veturinn. Jeppaferðir voru mjög algengar um veturinn (45%) og


um haustið (24%), en minna fór fyrir farþegum slíkra ferða á sumrin (10%). Margir voru á eigin bíl á öllum árstímum, en hlutfall þeirra var lægst um sumarið (14%) en hæst um haustið (27%). Um veturinn var talsvert um að gestir væru á ferð á mótórhjólum/fjór hjólum (22. mynd).




15. mynd. Ferðamátí á Djúpálónssandi.




16. mynd. Ferðamátí við Geysi.




17. mynd. Ferðamátí við Hraunfossa.




18. mynd. Ferðamátí við Jökulsárlón.




19. mynd. Ferðamáti við Seltún.



20. mynd. Ferðamáti við Sólheimajökul.



21. mynd. Ferðamáti á Þingvöllum.



22. mynd. Ferðamáti í Þórsmörk.

5.4 Ferðafélagar

Algengast var að svarendur væru á ferð með fjölskyldum sínum (45% í heildina), en næstum helmingur þeirra sem spurðir voru um sumarið voru í fjölskylduferðum. Næst flestir voru á ferð með ættingjum eða vinum (32%). Tæpur fjórðungur (23%) var í skipulögðum hópferðum, en talsvert minna var um að fólk væri á ferð eitt síns liðs (7%). Fáir voru á ferð með vinnu- eða klúbbfélögum (4%), en það var algengara um haustið en á öðrum árstíma. Tæplega 1% var í hvataferðum (7. tafla).

7. tafla. Yfirlit yfir ferðafélaga

Ferðafélagar	Alls		Sumar		Haust		Vetur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Með fjölskyldunni	10.282	44,8	5.302	47,0	2.438	41,8	2.542	43,4
Ættingjum/ vinum	7.436	32,4	3.312	29,4	1.913	32,8	2.211	37,8
Skipulögð hópferð	5.328	23,2	2.966	26,3	1.243	21,3	1.119	19,1
Einn á ferð	1.524	6,6	666	5,9	503	8,6	355	6,1
Vinnu-/ klúbbfélagar	801	3,5	261	2,3	359	6,2	181	3,1
Hvataferð	155	0,7	71	0,6	44	0,8	40	0,7
Alls (ath. fjölvalsspurning)	22.956	111	11.274	112	5.827	112	5.855	110

Á Djúpalónssandi voru fjölskylduferðir algengastar að sumri til (42%), en hlutfall þeirra sem ferðaðist með ættingjum og vinum var hærra um haustið (41%) og veturinn (45%). Þeir sem voru í skipulögðum hópferðum voru 28% um sumarið, en það hlutfall var heldur lægra um haustið og veturinn. Þá var hlutfall þeirra sem voru einir á ferð hærra um haustið (13%) og veturinn (15%), en um sumarið (23. mynd).

Við Geysi var um helmingur allra svarenda á ferð með fjölskyldum sínum og um þriðjungur með ættingjum og vinum. Þetta hlutfall var hærra um veturinn eða 40%. Um 20% voru í skipulögðum hópferðum um sumarið, en það hlutfall lækkaði um haustið og enn meira um veturinn. Nokkrir voru einir á ferð, en það bar helst á þeim á haustin (9%) (24. mynd).

Við Hraunfossa var tæpur helmingur á ferð með fjölskyldum sínum. Þeir sem voru með ættingjum og vinum voru mun meira áberandi um veturinn (53%) en um sumarið og haustið. Mjög margir voru í skipulögðum hópferðum við Hraunfossa um sumarið (39%), en það var minna um það á öðrum árstíma, sérstaklega um veturinn (25. mynd).

Við Jökulsárlón var ekki mikill breytileiki milli árstíða hvað ferðafélaga varðar. Helst var að hlutfall þeirra sem ferðaðist með fjölskyldum sínum var hærra um sumarið en um haustið og, veturinn en þá var algengara að aðspurðir væru að ferðast með öðrum ættingjum og vinum. Stórt hlutfall svarenda var í skipulögðum hópferðum á öllum árstímum, á bilinu 26-31% (26. mynd).


Við Seltún var meirihluti sumargesta á ferð með fjölskyldum sínum, en það hlutfall var heldur lægra um haust og vetur, en þá var algengara að fólk væri á ferð með öðrum ættingjum og

vinum. Skipulagðar hópferðir voru algengari um veturinn (21%) en á öðrum árstíðum. Nokkuð var um að gestir væru í vinnuferðum um haustið (8%) (27. mynd).


Fjölskylduferðir voru algengastar við Sólheimajökul um sumarið (56,5%) og veturinn (42%), en um haustið voru skipulagðar hópferðir algengastar (47%). Nokkuð jafnt hlutfall svarenda var á ferð með ættingjum eða vinum yfir tímabilin þrjú (25-34%). Um haustið var eitthvað af fólki á ferð með vinnu- og klúbbfélögum (28. mynd).

Á Þingvöllum voru þeir sem ferðast með fjölskyldum sínum á bilinu 40-45% og þeir sem voru á ferð með öðrum ættingjum og vinum á bilinu 29-34%. Margir voru í hópferð um sumarið (31%) og veturinn (25%), en aðeins færri um haustið (14%) (29. mynd).


Í Þórsmörk voru flestir á ferð með ættingjum og vinum um sumar og haust (48%), en aðeins færri um veturinn (27%). Þeir sem voru í fjölskylduferð voru 38% um sumarið, öllu færri um haustið (23%) en fleiri um veturinn (43%). Nokkuð margir voru á ferð með vinnu- og klúbbfélögum (28%) eða einir á ferð (20%) um haustið. Þá voru nokkuð margir í skipulögðum ferðum (23%) og hvataferðum (14%) um veturinn (30. mynd).




23. mynd. Ferðafélagar á Djúpalónssandi.




24. mynd. Ferðafélagar við Geysi.




25. mynd. Ferðafélagar við Hraunfossa.




26. mynd. Ferðafélagar við Jökulsárlón.




27. mynd. Ferðafélagar við Seltún.



28. mynd. Ferðafélagar við Sólheimajökul.



29. mynd. Ferðafélagar á Þingvöllum.



30. mynd. Ferðafélagar í Þórsmörk.

5.5 Gistimáti

Hótel og gistiheimili voru algengasti gistimáti þeirra sem svöruðu könnuninni, en 74% nýttu sér þann gistimáta. Þeir sem gistu á farfuglaheimili voru 18% og 7% í bændagistingu. Um 22% gistu í tjaldi um sumarið. Nokkuð var um að svarendur gistu hjá ættingjum eða vinum (6%) og nokkrir gistu í bílunum sínum (sennilega oftast húsbílum) og þá sérstaklega yfir sumartímenn (5%). Hægt var að merkja við fleiri en einn möguleika í þessari spurningu (8. tafla).

8. tafla. Yfirlit yfir gistimáta

Gistimáti	Alls		Sumar		Haust		Vetur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hótel/ gistiheimili	15.474	73,7	6.353	64,5	4.397	78,8	4.724	84,8
Farfuglaheimili	3.871	18,4	1.801	18,3	1.151	20,6	919	16,5
Tjald/ tjaldvagn/ fellihýsi	2.440	11,6	2.139	21,7	168	3,0	133	2,4
Bændagisting	1.810	8,6	1.132	11,5	330	5,9	348	6,2
Hjá ættingjum/ vinum	1.274	6,1	672	6,8	339	6,1	263	4,7
Í bílunum	713	3,4	475	4,8	150	2,7	88	1,6
Alls (fjölvalsspurning)	20.998	122	9.847	128	5.579	117	5.572	116

Á Djúpálónssandi var algengast að ferðamenn gistu á hóteli eða gistiheimili og hlutfallið var nokkuð jafnt milli árstíða (á bilinu 66-79%). Næst flestir gistu á farfuglaheimili, sérstaklega um haustið þegar 30% nýttu þann gistimöguleika. Algengt var að fólk gisti í tjaldi um sumarið (15%), en einnig voru nokkrir sem gistu í tjaldi um veturinn (10%). Á bilinu 8-12% gistu í bændagistingu og 6-10% gistu hjá ættingjum eða vinum. Um haustið gistu 5% í bíl (31. mynd).

Við Geysi var einnig algengast að ferðamenn gistu á hóteli eða gistiheimili. Hlutfallið var aftur á móti ójafnt milli árstíða. Mun fleiri gistu á hóteli eða gistiheimili um haustið og veturinn (á bilinu 83-91%) en hlutfallið var lægra um sumarið (58%). Hlutfall þeirra sem gistu á farfuglaheimili var herra um sumarið og haustið (18-21%) en lægra um veturinn (9%). Mikill munur var á fjölda þeirra sem gistu í tjaldi, tjaldvagni eða fellihýsi um sumarið (27%) en á öðrum árstíðum (2%). Bændagisting var einnig algengari gistimáti um sumarið (12%) en á öðrum árstíðum (2-3%). Hlutfall þeirra sem gistu hjá ættingjum eða vinum var svipað á milli árstíða (3-7%). Fleiri gistu í bílunum sínum um sumarið (6%) en á öðrum árstíðum (1-2%) (32. mynd).

Við Hraunfossa var algengast að ferðamenn gistu á hóteli eða gistiheimili og var hlutfallið jafnt milli árstíða (71-78%). Farfuglaheimili var næst algengasti gistimátinn en hlutfallslega flestir ferðamenn gistu á farfuglaheimili um veturinn (24%). Slíkt var óalgengara um sumarið og haustið (15-17%). Fleiri gistu í tjaldi, tjaldvagni eða fellihýsi um sumarið (13%) en á öðrum árstíðum (5%). Bændagisting var algengur gistimáti á öllum árstíðum (13-17%). Hlutfall ferðamanna sem gistu hjá ættingjum eða vinum var herra um veturinn (11%) en á öðrum árstíðum (5%). Hlutfall þeirra sem gistu í bílunum var svipaður á milli árstíða (4-6%) (33. mynd).

Við Jökulsárlón var algengast að ferðamenn gistu á hóteli eða gistiheimili en hlutfallið var ójafnt milli árstíða, 82% um veturinn og 74% um haustið en hlutfallslega lægra um sumarið (62%). Farfuglaheimili var algengur gistimáti um haustið og veturinn (21-26%) en færri gistu hlutfallslega á farfuglaheimili um sumarið (17%). Mun algengara var að ferðamenn gistu í tjaldi, tjaldvagni eða fellihýsi um sumarið (27%) en á öðrum árstíðum (4-6%). Á bilinu 13-19% gistu í bændagistingu og 4-7% gistu hjá ættingjum og vinum. Hlutfall þeirra sem gistu í bílnum sínum var svipað á milli árstíða (5%) (34. mynd).


Við Seltún var greinilegt að ferðamenn notuðu fleiri en einn gistimáta á ferðum sínum og völdu því margir fleiri en einn valkost. Flestir ferðamenn gistu á hóteli eða gistiheimili um haustið og veturinn (67-70%) en færri um sumarið (58%). Farfuglaheimili var einnig algengur gistimáti á öllum árstímum (19-26%) en greinilegur munur var á fjölda ferðamanna sem gisti í tjaldi, tjaldvagni eða fellihýsi um sumarið (25%) miðað við aðrar árstíðir (3-4%). Á bilinu 10-15% gistu í bændagistinu og 9-14% gistu hjá ættingjum og vinum. Þeir sem gistu í bílnum sínum voru flestir um sumarið (10%) miðað við aðrar árstíðir (2-3%) (35. mynd).

Við Sólheimajökul voru hótél og gistiheimili algengasti gistimátinn á öllum árstíðum en þó algengari um veturinn og haustið (82-84,5%) en um sumarið (72%). Fleiri ferðamenn gistu hlutfallslega á farfuglaheimili um haustið (25%) en á öðrum árstíðum (17-18%). Fjöldi ferðamanna sem gisti í tjaldi, tjaldvagni eða fellihýsi var hlutfallslega hærri um sumarið (13%) en á öðrum árstíðum (2%). Hlutfallslega fleiri gistu í bændagistinu um sumarið (10%) en á öðrum árstíðum (4-5%). Á bilinu 3-6% gistu hjá ættingjum og vinum. Fáir gistu í bílnum sínum við Sólheimajökul en ívið fleiri um sumarið (4%) en á öðrum árstíðum (1%) (36. mynd).


Á Þingvöllum var algengast að ferðamenn gistu á hóteli eða gistiheimili á öllum árstíðum (72-84%). Hlutfallslega var ekki mikill munur á þeim fjölda ferðamanna sem gistu á farfuglaheimili á milli árstíða (18-20%) en munur var á fjölda þeirra ferðamanna sem gistu í tjaldi, tjaldvagni eða fellihýsi um sumarið (12%) og á öðrum árstíðum (2-3%). Ekki var mikill munur á fjölda ferðamanna sem gistu í bændagistingu á milli árstíða (5-9%) eða þeim sem gistu hjá ættingjum og vinum (4-8%). Hlutfallslega fáir gistu í bílnum sínum á Þingvöllum (1-4%) (37. mynd).

Í Þórsmörk var mikill munur á gistimáta ferðamanna á milli árstíða. Um veturinn gistu 97% ferðamanna á hóteli eða gistiheimili á mótum 65% um haustið og 28% um sumarið. Fjöldi ferðamanna sem gisti á farfuglaheimili var nokkur um sumarið og haustið (27-29%) en aðeins 3% um veturinn. Mikill munur var á milli árstíða á þeim ferðamönnum sem gistu í tjaldi, tjaldvagni eða fellihýsi en það var algengasti gistimátinn um sumarið (71%) um haustið voru það tæplega 23% ferðamanna en enginn um veturinn. Bændagisting var nokkuð algeng um sumarið og


haustið (13-16%) en ekki um veturinn (3%). Algennt var að ferðamenn gistu hjá ættingjum eða vinum um haustið (23%) en óalgengara um sumarið (6%) og enginn um veturinn. Ekki var algennt að ferðamenn svæfu í bílnum í Þórsmörk óháð árstíðum (3%) (38. mynd).




31. mynd. Gistimáti á Djúpalónssandi.




32. mynd. Gistimáti við Geysi.




33. mynd. Gistimáti við Hraunfossa.




34. mynd. Gistimáti við Jökulsárlón.




35. mynd. Gistimáti við Seltún.



36. mynd. Gistimáti við Sólheimajökul.



37. mynd. Gistimáti á Þingvöllum.




38. mynd. Gistimáti í Þórsmörk.

5.6 Ánægja með ferð, náttúru, þjónustu og innviði

Þátttakendur í könnuninni voru spurðir hversu ánægðir þeir væru með ferð sína á þeim svæðum sem þeir heimsóttu. Spurningin var á fimm stiga kvarða þar sem 1=mjög óánægð(ur) og 5=mjög ánægð(ur). Spurningin var í 8 liðum þar sem spurt var um ánægju með ferðina almennt, ánægju með náttúruna, með göngustíga, með bílastæði, merkingar á skoðunarverðum stöðum, þjónustu, skilti og salernisaðstöðu.

Mikill meirihluti ferðamanna var ánægður með þau atriði sem spurt var um. Mest var ánægja með náttúruna (4,7) og með ferðina í heild (4,3). Ánægja með þjónustu og innviði þ.e.a.s göngustíga, bílastæði og merkingar á skoðunarverðum stöðum auk skilta var nokkuð mikil eða á bilinu 3,9-4,2. Ferðamenn voru aftur á móti síst ánægðir með salernisaðstöðu (3,7) (39. mynd).



39. mynd. Yfirlit yfir ánægju með ferð, náttúru, þjónustu og innviði - allir staðir saman.

5.6.1 Ánægja með ferðina

Mikill meirihluti (88%) var ánægður með ferðina. Ánægjan var mest á Djúpalónssandi (4,32) en minnst við Geysi (4,19). Ef horft er á allar árstíðir saman var ánægja ferðamanna við Geysi marktækt minni en á flestum öðrum stöðum. Jafnframt var hún minni en á nokkrum stöðum þegar hver árstími fyrir sig var skoðaður. Um veturinn voru svaðendur við Hraunfossa marktækt ánægðari en við Geysi, Jökulsárlón og Þingvelli (9. tafla). Ekki var munur á milli árstíða hvað varðar ánægju með ferðina þegar svaðendur á öllum stöðum voru teknir saman ($F=2,257$; $p=0,105$).

9. tafla. Ánægja með ferðina, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.

	Alls	Sumar	Haust	Vetur
1 Djúpalónssandur	4,32	4,29	4,41	4,33
2 Geysir	4,19	4,17	4,19	4,19
3 Hraunfossar	4,29	4,23	4,36	4,45
4 Jökulsárlón	4,27	4,25	4,35	4,25
5 Seltún	4,29	4,27	4,31	4,32
6 Sólheimajökull	4,31	4,23	4,30	4,36
7 Þingvellir	4,26	4,27	4,24	4,25
8 Þórsörk	4,29	4,26	4,54	4,33
Allir staðir	4,25	4,24	4,26	4,26

Allar árstíðir								
	1	2	3	4	5	6	7	8
1	■	■	■	■	■	■	■	■
2	■	■	■	■	■	■	■	■
3	■	■	■	■	■	■	■	■
4	■	■	■	■	■	■	■	■
5	■	■	■	■	■	■	■	■
6	■	■	■	■	■	■	■	■
7	■	■	■	■	■	■	■	■
8	■	■	■	■	■	■	■	■


Sumar								
	1	2	3	4	5	6	7	8
1	■	■	■	■	■	■	■	■
2	■	■	■	■	■	■	■	■
3	■	■	■	■	■	■	■	■
4	■	■	■	■	■	■	■	■
5	■	■	■	■	■	■	■	■
6	■	■	■	■	■	■	■	■
7	■	■	■	■	■	■	■	■
8	■	■	■	■	■	■	■	■

Haust								
	1	2	3	4	5	6	7	8
1	■	■	■	■	■	■	■	■
2	■	■	■	■	■	■	■	■
3	■	■	■	■	■	■	■	■
4	■	■	■	■	■	■	■	■
5	■	■	■	■	■	■	■	■
6	■	■	■	■	■	■	■	■
7	■	■	■	■	■	■	■	■
8	■	■	■	■	■	■	■	■

Vetur								
	1	2	3	4	5	6	7	8
1	■	■	■	■	■	■	■	■
2	■	■	■	■	■	■	■	■
3	■	■	■	■	■	■	■	■
4	■	■	■	■	■	■	■	■
5	■	■	■	■	■	■	■	■
6	■	■	■	■	■	■	■	■
7	■	■	■	■	■	■	■	■
8	■	■	■	■	■	■	■	■


■ munur milli staða ■ ekki munur milli staða

Á Djúpalónssandi voru þeir sem voru ánægðir með ferðina 90-92% á öllum árstíðum. Hlutlausir voru 9% um haustið, 7% um sumarið og 5% um veturinn. Óánægð voru 3% ferðamanna um veturinn og sumarið og 1% var óánægð um haustið (40. mynd). Ekki var marktækur munur á ánægju ferðamanna eftir árstíðum ($F=1,726$; $p=0,178$).




40. mynd. Ánægja með ferðina á Djúpalónssandi.

Við Geysi voru 85-87% ferðamanna ánægð með ferðina. Hlutlausir voru um 11% á öllum árstíðum og óánægð voru 3% um sumarið og veturinn og 1% var óánægð um haustið (41. mynd). Ekki var marktækur munur á ánægju ferðamanna milli árstíða ($F=0,468$; $p=0,627$).




41. mynd. Ánægja með ferðina við Geysi.

Við Hraunfossa var 91% ferðamanna um veturinn og 89% um sumarið og haustið, ánægð með ferðina. Hlutlausir voru 7-8% á öllum árstíðum. Óánægðir voru 2-4% (42. mynd). Ferðamenn voru marktækt ánægðari um veturinn en um sumarið ($F=9,587$; $p<0,000$).



42. mynd. Ánægja með ferðina við Hraunfossa.


Við Jökulsárlón voru 87-89% ferðamanna ánægð með ferð sína á öllum árstíðum. Hlutlausir voru 11% um haustið, 9% um veturinn og 8% um sumarið. Óánægð voru um 3% á öllum árstíðum (43. mynd). Ferðamenn voru marktækt ánægðari með ferð sína um haustið en um sumarið ($F=2,873$; $p=0,057$).



43. mynd. Ánægja með ferðina við Jökulsárlón.


Við Seltún voru 91% ferðamanna um sumarið og haustið og 89% um veturinn, ánægð með ferð sína. Hlutlausir voru 10% um veturinn og um 5% á öðrum árstíðum. Óánægð voru 4% um

sumarið og haustið og 1% um veturinn (44. mynd). Ekki var marktækur munur á ánægju ferðamanna eftir árstíð (F=0,690; p=0,502).




44. mynd. Ánægja með ferðina við Seltún.

Við Sólheimajökul var 91% ferðamanna um veturinn, 89% um haustið og 87% um sumarið, ánægð með ferð sína. Hlutlausir voru um 8%. Óánægðir voru 4% um sumarið, 2% um haustið og veturinn (45. mynd). Ferðamenn voru marktækt ánægðari með ferð sína um veturinn en um sumarið (F=4,644; p=0,010).




45. mynd. Ánægja með ferðina við Sólheimajökul.

Á Þingvöllum voru 87-89% ferðamanna ánægð með ferð sína. Hlutlaus voru 11% um veturinn, 9% um haustið og 8% um veturinn. Þeir sem voru óánægðir með ferð sína voru 3% á öllum árstímum (46. mynd) og ekki var marktækur munur á ánægju ferðamanna milli árstíða (F=0,768; p=0,464).



46. mynd. Ánægja með ferðina á Þingvöllum.

Í Þórsmörk voru 92% ferðamanna um haustið og 88% um sumarið og veturinn ánægð með ferð sína. Hlutlaus voru 10% um sumarið, 5% um haustið og 2% um veturinn. Óánægð voru 10% um veturinn, 3% um haustið og 1% um sumarið (47. mynd). Ekki var marktækur munur á ánægju ferðamanna eftir árstíðum ($F=2,212$; $p=0,111$).



47. mynd. Ánægja með ferðina í Þórsmörk.

5.6.2 Ánægja með náttúruna

Yfirgnæfandi meirihluti ferðamanna sagðist vera mjög ánægður (75%) eða ánægður (21%) með náttúruna en aðeins 2% voru mjög óánægð. Almennu voru svarendur ánægðastir með náttúruna við Jökulsárlón og Sólheimajökul. Ferðamenn voru síst ánægðir með náttúruna við Geysi á öllum árstímum en einnig var ánægja með náttúruna lægri við Seltún og Þingvelli um veturinn en á nokkrum öðrum stöðum (10. tafla). Ánægja með náttúruna var marktækt minni um sumarið en á hinum árstímum ($F=5,336$; $p=,005$).

10. tafla. Ánægja með náttúruna, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktæktarprófs milli staða.


	Alls	Sumar	Haust	Vetur
Djúpalónssandur	4,71	4,68	4,81	4,73
Geysir	4,57	4,56	4,58	4,57
Hraunfossar	4,66	4,60	4,73	4,80
Jökulsárlón	4,74	4,70	4,82	4,80
Seltún	4,62	4,60	4,63	4,67
Sólheimajökull	4,75	4,69	4,75	4,78
Þingvellir	4,68	4,67	4,68	4,68
Þórsmörk	4,73	4,72	4,86	4,68
Allir staðir	4,66	4,64	4,67	4,67

	Allar árstíðir								Sumar							
	1	2	3	4	5	6	7	8	1	2	3	4	5	6	7	8
1	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
2	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
3	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
4	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
5	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
6	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
7	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
8	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■

	Haust								Vetur							
	1	2	3	4	5	6	7	8	1	2	3	4	5	6	7	8
1	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
2	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
3	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
4	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
5	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
6	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
7	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
8	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■


■ munur milli staða ■ ekki munur milli staða

Á Djúpalónssandi voru 99,5% ferðamanna um haustið og 96% um sumarið og veturinn, ánægð með náttúruna. Hlutlaus voru 1% um sumarið en enginn á öðrum árstíðum. Óánægð voru 4% um veturinn, 2% um sumarið og 0,5% um haustið (48. mynd). Ferðamenn voru marktækt ánægðari með náttúruna um haustið en um sumarið ($F=2,604$; $p=0,074$).




48. mynd. Ánægja með náttúruna á Djúpalónssandi.

Við Geysi voru 96% ferðamanna um veturinn, 95% um sumarið og 94% um haustið, ánægð með náttúruna. Hlutlaus voru 3% um sumarið og 2% um haustið og veturinn. Óánægð voru 3% um sumarið og haustið og 2% um veturinn (49. mynd). Ekki var marktækur munur á ánægju ferðamanna með náttúruna á milli árstíða ($F=0,317$; $p=0,728$).




49. mynd. Ánægja með náttúruna við Geysi.

Við Hraunfossa voru 98% um veturinn, 97% um haustið og 95% um sumarið, ánægð með náttúru svæðisins. Hlutlaus voru 1% um sumarið en enginn um haustið og veturinn. Óánægð voru 4% um sumarið, 3% um haustið og 2% um veturinn (50. mynd). Ánægja ferðamanna með náttúruna var marktækt minni um sumarið en um haustið og veturinn ($F=10,079$; $p<0,001$).




50. mynd. Ánægja með náttúruna við Hraunfossa.

Við Jökulsárlón voru 96-98% ferðamanna ánægð með náttúruna á svæðinu á öllum árstíðum. Hlutlaus voru 1% eða minna á öðrum árstíðum. Óánægð voru 2% á öllum árstíðum (51. mynd). Ferðamenn voru síður ánægðir með náttúruna um sumarið en um haustið og veturinn ($F=9,227$; $p<0,001$).




51. mynd. Ánægja með náttúruna við Jökulsárlón.

Við Seltún voru 95-97% ferðamanna ánægð og 1% hlutlaus með náttúruna á öllum árstíðum. Óánægð voru 4% um sumarið og haustið og 2% um veturinn (52. mynd). Ekki var marktækur munur á ánægju með náttúruna milli árstíða ($F=1,535$; $p=0,216$).




52. mynd. Ánægja með náttúruna við Seltún.

Við Sólheimajökul voru 95-97% ferðamanna ánægð með náttúru staðarins á öllum árstíðum. Hlutlaus voru 2-3% og óánægð voru 3% um sumarið og 2% um haust og vetur (53. mynd). Ekki var marktækur munur á ánægju með náttúruna á milli árstíma ($F=2,918$; $p=0,054$).




53. mynd. Ánægja með náttúruna við Sólheimajökul.

Á Þingvöllum voru um 95% ferðamanna ánægð með náttúru svæðisins. Hlutlaus voru á bilinu 1-2% og óánægðir 3% um haustið og sumarið og 2% um veturinn (54. mynd). Ekki var marktækur munur á ánægju með náttúruna eftir árstíma ($F=0,163$; $p=0,849$).



54. mynd. Ánægja með náttúruna á Þingvöllum.

Í Þórsmörk voru 93% ferðamanna um haustið, 89% um veturinn og 78% um sumarið ánægð með náttúruna á svæðinu. Hlutlaus voru 2% um sumarið en enginn á öðrum árstíðum. Óánægð voru 7% um veturinn, 2% um haustið og 1% um sumarið (55. mynd). Ekki var marktækur munur á ánægju með náttúruna á milli árstíða ($F=0,902$; $p=0,406$).



55. mynd. Ánægja með náttúruna í Þórsmörk.

5.6.3 Ánægja með göngustíga

Flestir ferðamenn voru ánægðir með göngustíga á rannsóknastöðunum átta. Ánægja ferðamanna með göngustíga við Geysi og Jökulsárlón var þó marktækt minni en á nánast öllum hinum stöðunum á flestum árstímum. Ánægja með göngustíga var mest á Þingvöllum og í Þórsmörk og var marktækt meiri en á flestum öðrum stöðum um sumarið (11. tafla). Þegar horft er á alla staði saman var ánægja með göngustíga minnst um veturinn en mest um haustið og er marktækur munur á meðaltölum allra árstíða ($F=22,274$; $p<0,001$).

11. tafla. Ánægja með göngustíga, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktæktarprófs milli staða.

	Alls	Sumar	Haust	Vetur
1 Djúpalónssandur	4,26	4,28	4,33	4,02
2 Geysir	4,06	4,05	4,15	3,99
3 Hraunfossar	4,22	4,18	4,33	4,24
4 Jökulsárlón	3,95	3,90	4,06	4,01
5 Seltún	4,23	4,23	4,32	4,15
6 Sólheimajökull	4,26	4,17	4,28	4,27
7 Þingvellir	4,32	4,35	4,34	4,27
8 Þórsmörk	4,37	4,38	4,59	3,85
Allir staðir	4,18	4,17	4,24	4,14

Allar árstíðir


Sumar

Haust

Vetur

■ munur milli staða ■ ekki munur milli staða


Á Djúpalónssandi voru 88-90% ferðamanna ánægð með göngustíga á öllum árstíðum. Hlutlaus voru 17% um veturinn, 10% um sumarið og 7% um haustið. Óánægð voru 5% um veturinn, 3% um sumarið og 2% um haustið (56. mynd). Ferðamenn voru marktækt óánægðari með göngustíga um veturinn en á öðrum árstíðum ($F=6,481$; $p=0,002$).



56. mynd. Ánægja með göngustíga á Djúpalónssandi.


Við Geysi voru 81% um haustið, 78% um sumarið og 77% um veturinn ánægð með göngustíga á svæðinu. Hlutlaus voru 18% um sumarið og veturinn og 14% um haustið. Óánægð voru 6% um

veturinn, 5% um sumarið og 4% um haustið (57. mynd). Ferðamenn voru marktækt ánægðari með göngustíga um haustið en um sumarið og veturinn ($F=18,314$; $p<0,001$).




57. mynd. Ánægja með göngustíga við Geysi.

Við Hraunfossa var 91% ferðamanna um haustið, 88% um veturinn og 86% um veturinn ánægð með göngustíga á svæðinu. Hlutlaus voru 9% um sumarið, 8% um veturinn og 6% um haustið. Óánægð voru 5% um sumarið og 4% á öðrum árstíðum (58. mynd). Ferðamenn voru marktækt ánægðari með göngustíga um haustið en um sumarið ($F=3,514$; $p=0,030$).




58. mynd. Ánægja með göngustíga við Hraunfossa.

Við Jökulsárlón voru 75% ferðamanna um veturinn, 73% um haustið og 69% um sumarið ánægð með göngustíga á svæðinu. Hlutlaus voru 26% um sumarið, 25% um haustið og 22% um veturinn. Óánægð voru 5% um sumarið, 3% um veturinn og 2% um haustið (59. mynd). Ferðamenn um sumarið voru marktækt síður ánægðir með göngustíga á svæðinu en á öðrum árstíðum ($F=7,368$; $p=0,001$).




59. mynd. Ánægja með göngustíga við Jökulsárlón.

Við Seltún voru 89% ferðamanna um haustið, 85% um sumarið og 83% um veturinn ánægð með göngustíga á svæðinu. Hlutlaus voru 13% um veturinn, 10% um sumarið og 7% um haustið. Óánægð voru 5% um veturinn og 4% um haustið og sumarið (60. mynd). Ferðamenn um haustið voru marktækt ánægðari með göngustíga en ferðamenn um sumarið ($F=4,805$; $p=0,008$).




60. mynd. Ánægja með göngustíga við Seltún.

Við Sólheimajökul voru 87% ferðamanna um haustið, 85% um veturinn og 83% um sumarið ánægð með göngustíga á svæðinu. Hlutlaus voru 13% um veturinn, 12% um sumarið og 10% um haustið. Óánægð voru 5% um sumarið og 3% um veturinn og haustið (61. mynd). Ferðamenn um haustið voru marktækt ánægðari með göngustíga en ferðamenn um sumarið ($F=3,392$; $p=0,034$).




61. mynd. Ánægja með göngustíga við Sólheimajökul.

Á Þingvöllum voru 88% ferðamanna um sumarið og haustið og 86% um veturinn ánægð með göngustíga á svæðinu. Hlutlaus voru 11% um veturinn, 9% um haustið og 8% um sumarið. Óánægð voru 3% á öllum árstíðum (62. mynd). Ferðamenn um sumarið voru marktækt ánægðari með göngustíga en ferðamenn um veturinn ($F=5,661$; $p=0,003$).



62. mynd. Ánægja með göngustíga á Þingvöllum.

Í Þórsmörk voru 98% ferðamanna um haustið, 91% um sumarið og 63% um veturinn ánægð með göngustíga á svæðinu. Hlutlaus voru 30% um veturinn, 7% um sumarið en enginn um haustið. Óánægð voru 7% um veturinn, 3% um sumarið og 2% um haustið (63. mynd). Ferðamenn um haustið voru marktækt ánægðari með göngustíga en ferðamenn um veturinn ($F=7,361$; $p=0,001$).



63. mynd. Ánægja með göngustíga í Þórsmörk.

5.6.4 Ánægja með bílastæði

Lang flestir voru ánægðir eða mjög ánægðir með bílastæði á svæðunum átta. Um sumarið voru ferðamenn við Seltún ánægðastir og voru marktækt ánægðari en aðrir að undanskildum ferðamönnum við Djúpalónssand. Þá voru ferðamenn við Jökulsárlón, Sólheimajökul og Þórsmörk síst ánægðir með bílastæði, en marktækur munur var á flestum samanburðum um sumarið. Um haustið voru ferðamenn síður ánægðir með bílastæðið við Sólheimajökull en á öðrum stöðum. Um veturinn var mest ánægja með bílastæðin við Hraunfossa, Jökulsárlón og Seltún og reyndist marktækur munur á milli þessara staða og Geysis, Sólheimajökuls og Þingvalla (12. tafla). Séu allir staðir skoðaðir saman var ánægja með bílastæði marktækt meiri um haustið en um sumarið og veturinn ($F=20,952$; $p<0,001$).

12. tafla. Ánægja með bílastæði, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.

	Alls	Sumar	Haust	Vetur
1 Djúpalónssandur	4,13	4,09	4,25	4,16
2 Geysir	4,08	4,15	4,13	3,96
3 Hraunfossar	4,08	3,96	4,31	4,33
4 Jökulsárlón	3,92	3,81	4,14	4,15
5 Seltún	4,21	4,25	4,20	4,15
6 Sólheimajökull	3,98	3,98	3,99	3,97
7 Þingvellir	4,06	4,08	4,10	3,99
8 Þórsörk	3,51	3,40	3,86	4,11
Allir staðir	4,05	4,03	4,11	4,02

Allar árstíðir								
	1	2	3	4	5	6	7	8
1	■	■	■	■	■	■	■	■
2	■	■	■	■	■	■	■	■
3	■	■	■	■	■	■	■	■
4	■	■	■	■	■	■	■	■
5	■	■	■	■	■	■	■	■
6	■	■	■	■	■	■	■	■
7	■	■	■	■	■	■	■	■
8	■	■	■	■	■	■	■	■


Sumar								
	1	2	3	4	5	6	7	8
1	■	■	■	■	■	■	■	■
2	■	■	■	■	■	■	■	■
3	■	■	■	■	■	■	■	■
4	■	■	■	■	■	■	■	■
5	■	■	■	■	■	■	■	■
6	■	■	■	■	■	■	■	■
7	■	■	■	■	■	■	■	■
8	■	■	■	■	■	■	■	■

Haust								
	1	2	3	4	5	6	7	8
1	■	■	■	■	■	■	■	■
2	■	■	■	■	■	■	■	■
3	■	■	■	■	■	■	■	■
4	■	■	■	■	■	■	■	■
5	■	■	■	■	■	■	■	■
6	■	■	■	■	■	■	■	■
7	■	■	■	■	■	■	■	■
8	■	■	■	■	■	■	■	■

Vetur								
	1	2	3	4	5	6	7	8
1	■	■	■	■	■	■	■	■
2	■	■	■	■	■	■	■	■
3	■	■	■	■	■	■	■	■
4	■	■	■	■	■	■	■	■
5	■	■	■	■	■	■	■	■
6	■	■	■	■	■	■	■	■
7	■	■	■	■	■	■	■	■
8	■	■	■	■	■	■	■	■


■ munur milli staða ■ ekki munur milli staða

Á Djúpalónssandi voru 86% ferðamanna um haustið, 84% um veturinn og 80% um sumarið ánægð með bílastæðin á svæðinu. Hlutlaus voru 16% um sumarið og 14% um haustið og veturinn. Óánægð voru 4% um sumarið, 2% um veturinn og 1% um haustið (64. mynd). Ferðamenn um haustið voru marktækt ánægðari með bílastæði en ferðamenn um sumarið ($F=2,456$; $p=0,086$).




64. mynd. Ánægja með bílastæði á Djúpalónssandi.

Við Geysi voru 82% ferðamanna um sumarið, 77% um haustið og 72% um veturinn ánægð með bílastæðin á svæðinu. Hlutlaus voru 25% um veturinn, 21% um haustið og 15% um sumarið. Óánægð voru 3% á öllum árstíðum (65. mynd). Ferðamenn um veturinn voru marktækt síður ánægðir með bílastæðin en ferðamenn á öðrum árstíðum ($F=35,274$; $p<0,001$).




65. mynd. Ánægja með bílastæði við Geysi.

295. mynd. Áhrif menningarviðburðar á ákvörðun erlendra ferðamanna á Djúpalónssandi um Íslandsheimsókn.

Við Geysi sögðu 16% ferðamanna um veturinn, 14% um haustið og 9% um sumarið að menningarviðburður hafi haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að koma til Íslands. Menningarviðburður hafði lítil áhrif á 48% ferðamanna um sumarið en 36-39% um veturinn og haustið (296. mynd). Menningarviðburðir höfðu helst áhrif á Íslandsheimsóknir ferðamanna á Geysi um veturinn og síst um sumarið ($F=50,083$; $p<0,001$).




296. mynd. Áhrif menningarviðburðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Geysi um Íslandsheimsókn.

Við Hraunfossa sögðu 10% erlendra ferðamanna um sumarið og 8% um haustið og veturinn að menningarviðburður hafi haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að koma til Íslands. Á bilinu 63-67% sagði það hafa haft lítil áhrif (297. mynd). Ekki var marktækur munur milli árstíða ($F=0,581$; $p=0,559$).




297. mynd. Áhrif menningarviðburðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Hraunfossa um Íslandsheimsókn.

Við Jökulsárlón sögðu 13% erlendra ferðamanna bæði um haustið og veturinn og 8% um sumarið að menningarviðburður hafi haft mikil áhrif á ákvörðun sína um að koma til Íslands. Á bilinu 63-67% erlendra ferðamanna um sumarið og veturinn og 57% um haustið sögðu menningarviðburð hafa lítil áhrif á ákvörðunartöku þeirra (298. mynd). Menningarviðburðir höfðu meiri áhrif á ákvörðun ferðamanna við Jökulsárlón um að ferðast til Íslands um haustið en um sumarið ($F=13,069$; $p<0,001$).




298. mynd. Áhrif menningarviðburðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Jökulsárlón um að ferðast til Íslands.

Við Seltún sagði fjórðungur erlendra ferðamanna um haustið, 11% um veturinn og 8% um sumarið að menningarviðburður hafi haft mikil áhrif á ákvörðun sína um að koma til Íslands. Þá sögðu 64% ferðamanna um sumarið, 56% um veturinn og 45% um haustið að það hafi haft lítil áhrif (299. mynd). Munur var milli allra árstíða á áhrifum menningarviðburða á Íslandsheimsóknir ferðamanna við Seltún ($F=39,511$; $p<0,001$). Þeir höfðu helst áhrif um haustið en minnst um sumarið.




299. mynd. Áhrif menningarviðburðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Seltún um Íslandsheimsókn.

Um 11% erlendra ferðamanna við Sólheimajökul sögðu menningarviðburð hafa haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að koma til Íslands óháð árstíð. Á bilinu 28-37% sögðust vera hlutlaus. Þá sögðu 60% erlendra ferðamanna um sumarið, 54% um veturinn og 51% um haustið að menningarviðburður hafi haft lítil áhrif (300. mynd). Menningarviðburðir höfðu meiri áhrif á ákvörðun um Íslandsheimsókn gesta við Sólheimajökul um haustið en um sumarið ($F=3,624$; $p=0,027$).




300. mynd. Áhrif menningarviðburðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Sólheimajökul um Íslandsheimsókn.

Á Þingvöllum sögðu á bilinu 13-16% erlendra ferðamanna menningarviðburð hafa haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að koma til Íslands. Á bilinu 32-37% ferðamanna var hlutlaus og 48-52% sögðu menningarviðburð hafa haft lítil áhrif (301. mynd). Ekki var marktækur munur milli árstíða á áhrifum menningarviðburða á ákvörðun ferðamanna á Þingvöllum um Íslandsheimsókn ($F=2,211$; $p=0,110$).



301. mynd. Áhrif menningarviðburðar á ákvörðun erlendra ferðamanna á Þingvöllum um Íslandsheimsókn.

Í Þórsmörk sögðu 14% erlendra ferðamanna um haustið og 3-4% á öðrum árstíðum að menningarviðburður hafi haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að koma til Íslands. Þá sögðu 70% erlendra ferðamanna um sumarið, 68% um veturinn og 41% um haustið að menningarviðburður hafi haft lítil áhrif (302. mynd). Menningarviðburðir höfðu meiri áhrif á ákvörðun ferðamanna í Þórsmörk um að heimsækja Ísland um haustið en um sumarið ($F=5,430$; $p=0,005$).




302. mynd. Áhrif menningarviðburðar á ákvörðun erlendra ferðamanna í Þórsmörk um Íslandsheimsókn.

5.11.6 Áhrif næturlífs


Næturlíf hafði almennt lítil áhrif á ákvörðunartöku um Íslandsheimsókn ferðamanna á stöðunum átta. Það hafði þó meiri áhrif um haustið og veturinn en um sumarið ($F=199,579$; $p<0,001$). Í töflu 41 þar sem árstíðir eru sýndar saman sést að staðirnir skiptast í tvo hópa eftir því hve mikil áhrif næturlíf hafði á ákvarðanir um Íslandsheimsókn: Við Djúpalónssand, Hraunfossa, Jökulsárlón og Þórsmörk hafði það almennt minni áhrif en við Geysi, Seltún, Sólheimajökul og Þingvelli. Ekki var mikill munur milli staða á hverri árstíð fyrir sig, en um sumarið hafði næturlíf mest áhrif á svarendur á Þingvöllum (1,9), um haustið í Seltúni (2,2) og um veturinn mest á Geysi (2,1) en minnst í Þórsmörk (1,4).

41. tafla. Áhrif næturlífs á ákvarðanatöku um Íslandsheimsókn, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.

	Alls	Sumar	Haust	Vetur
1 Djúpalónssandur	1,73	1,61	2,10	1,77
2 Geysir	1,92	1,69	2,01	2,09
3 Hraunfossar	1,67	1,59	1,79	1,78
4 Jökulsárlón	1,69	1,60	1,88	1,80
5 Seltún	1,89	1,62	2,19	2,01
6 Sólheimajökull	1,94	1,75	2,00	1,95
7 Þingvellir	1,95	1,86	1,99	2,09
8 Þórsmörk	1,54	1,51	2,07	1,44
Allir staðir	1,87	1,70	2,00	2,02




Á Djúpalónssandi sögðu 10% ferðamanna um haustið og um 4% um veturinn og sumarið að næturlíf hafi haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að koma til Íslands. Næturlíf hafði lítil áhrif að mati 71-74% ferðamanna um veturinn og sumarið og 58% um haustið. Um fjórðungur var hlutlaus um sumarið og veturinn og þriðjungur um haustið (303. mynd). Næturlíf hafði meiri áhrif á komu ferðamanna á Djúpalónssandi til Íslands um haustið heldur en um sumarið og veturinn ($F=13,926$; $p<0,001$).




303. mynd. Áhrif næturlífs á ákvörðun erlendra ferðamanna á Djúpalónssandi um Íslandsheimsókn.

Við Geysi sögðu 10% ferðamanna um veturinn, 8% um haustið og 5% um sumarið að næturlíf hafi haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að koma til Íslands. Um sumarið sögðu 72% það hafa haft lítil áhrif en 56-60% um veturinn og haustið. Um 32% voru hlutlaus um haustið og veturinn og 23% um sumarið (304. mynd). Næturlíf hafði minni áhrif á Íslandsheimsóknir gesta við Geysi um sumarið en um haustið og veturinn ($F=77,702$; $p<0,001$).




304. mynd. Áhrif næturlífs á ákvörðun erlendra ferðamanna við Geysi um Íslandsheimsókn.

Við Hraunfossa sögðu í kringum 5% ferðamanna um veturinn og haustið og 3% um sumarið að næturlíf hafi haft mikil áhrif á ákvörðunartöku þeirra um að koma til Íslands. Þá sögðu 76% um sumarið og 67% um haustið og veturinn það hafa haft lítil áhrif. Hlutlaus voru 22% um sumarið og 27-28% um haustið og veturinn (305. mynd). Næturlíf hafði minni áhrif á Íslandsheimsóknir gesta við Hraunfossa um sumarið en um haustið og veturinn ($F=6,697$; $p=0,001$).




305. mynd. Áhrif næturlífs á ákvörðun erlendra ferðamanna við Hraunfossa um Íslandsheimsókn.

Við Jökulsárlón sögðu 8% erlendra ferðamanna um veturinn, 7% um haustið og 3% um sumarið næturlíf hafa haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að koma til Íslands. Þá sögðu 75% um sumarið og 65-69% um haustið og veturinn það hafa haft lítil áhrif. Hlutlaus voru 28% um haustið og 22-23% um sumarið og veturinn (306. mynd). Næturlíf hafði minni áhrif á Íslandsheimsóknir gesta við Jökulsárlón um sumarið en um haustið og veturinn ($F=16,551$; $p<0,001$).




306. mynd. Áhrif næturlífs á ákvörðun erlendra ferðamanna við Jökulsárlón um Íslandsheimsókn.

Við Seltún sögðu 17% ferðamanna um haustið, 9% um veturinn og 4% um sumarið að næturlíf hafi haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að koma til Íslands. Þá sögðu 75% um sumarið, 60% um veturinn og 56% um haustið það hafa lítil áhrif. Á bilinu 27-31% var hlutlaus um haustið og veturinn en 20% um sumarið (307. mynd). Næturlíf hafði minni áhrif á Íslandsheimsóknir gesta við Seltún um sumarið en um haustið og veturinn ($F=37,524$; $p<0,001$).




307. mynd. Áhrif næturlífs á ákvörðun erlendra ferðamanna við Seltún um Íslandsheimsókn.

Við Sólheimajökul sögðu um það bil 8% erlendra ferðamanna um veturinn og haustið og 6% um sumarið að næturlíf hafi haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að koma til Íslands. Þá sagði 71% um sumarið og á bilinu 61-64% um haustið og veturinn það hafa lítil áhrif. Hlutlaus voru á bilinu 28-30% um haustið og veturinn en 23% um sumarið (308. mynd). Næturlíf hafði minni áhrif á Íslandsheimsóknir gesta við Sólheimajökul um sumarið en um haustið og veturinn ($F=7,519$; $p=0,001$).




308. mynd. Áhrif næturlífs á ákvörðun erlendra ferðamanna við Sólheimajökul um Íslandsheimsókn.

Á Þingvöllum sögðu 10% erlendra ferðamanna um veturinn, 8% um haustið og 7% um sumarið að næturlíf hafi haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að koma til Íslands. Þá sögðu 66% um sumarið, 61% um haustið og 57% um veturinn að það hafi haft lítil áhrif. Á bilinu 27-33% voru hlutlaus (309. mynd). Næturlíf hafði minni áhrif á Íslandsheimsóknir gesta á Þingvöllum um sumarið en um haustið og veturinn ($F=21,127$; $p<0,001$).



309. mynd. Áhrif næturlífs á ákvörðun ferðamanna á Þingvöllum um Íslandsheimsókn.

Í Þórsmörk sögðu 11% erlendra ferðamanna um haustið, 2% um sumarið og enginn um veturinn að næturlíf hafi haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að koma til Íslands. Þá sögðu 82% um veturinn, 79% um sumarið og 61% um haustið að það hafi haft lítil áhrif. Hlutlaus voru 29% um haustið en 18-19% á öðrum árstíðum (310. mynd). Næturlíf hafði meiri áhrif á Íslandsheimsóknir ferðamanna í Þórsmörk um haustið en um sumarið og veturinn ($F=5,237$; $p=0,006$).



310. mynd. Áhrif næturlífs á ákvörðun erlendra ferðamanna í Þórsmörk um Íslandsheimsókn.


5.11.7 Áhrif ráðstefnu- eða vinnuferðar

Ráðstefnu- eða vinnuferð hafði almennt lítil áhrif á ákvörðunartöku svarenda um að koma til Íslands. Helst þó um haustið en síst um sumarið ($F=106,389$; $p<0,001$). Meðaltalið var á bilinu 1,6-2,0 á öllum stöðunum átta og var ekki um mikinn mun að ræða milli staða að öðru leyti en því að um sumarið höfðu ráðstefnur meiri áhrif á svarendur á Þingvöllum en á flestum öðrum stöðum (42. tafla).

42. tafla. Áhrif ráðstefnu eða vinnuferðar á ákvarðanatöku um Íslandsheimsókn, meðaltöl á hverjum stað og árstíma og niðurstöður marktektarprófs milli staða.


	Alls	Sumar	Haust	Vetur
1 Djúpalónssandur	1,75	1,73	1,97	1,57
2 Geysir	1,83	1,69	2,00	1,84
3 Hraunfossar	1,68	1,57	1,88	1,79
4 Jökulsárlón	1,70	1,61	1,99	1,68
5 Seltún	1,79	1,60	2,00	1,87
6 Sólheimajökull	1,88	1,74	1,98	1,80
7 Þingvellir	1,90	1,86	2,03	1,85
8 Þórsörk	1,66	1,61	1,81	1,95
Allir staðir	1,82	1,71	1,99	1,82

Á Djúpalónssandi sagði enginn um veturinn en um 5% um sumarið og haustið að ráðstefnu- eða vinnuferð hafi haft mikil áhrif á ákvörðun sína um að koma til Íslands. Á bilinu 70-75% um sumarið og 59% um haustið, sögðu það hafa haft lítil áhrif. Þá voru 35% um haustið og um fjórðungur á öðrum árstíðum hlutlausir (311. mynd). Um haustið höfðu ráðstefnur eða vinnuferðir meiri áhrif á Íslandsheimsókn ferðamanna á Djúpalónssandi heldur en um veturinn ($F=4,601$; $p=0,010$).




311. mynd. Áhrif ráðstefnu eða vinnuferðar á ákvörðun erl. ferðamanna á Djúpalónssandi um Íslandsheimsókn.

Við Geysi sögðu 10% erlendra ferðamanna um haustið, 4% um sumarið og veturinn að ráðstefna- eða vinnuferð hafi haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að koma til Íslands. Þá sagði 71% ferðamanna um sumarið, 64% um veturinn og 60% um haustið það hafa haft lítil áhrif. Hlutlaus voru á bilinu 30-32% um haustið og veturinn og 25% um sumarið (312. mynd). Munur var á öllum árstímum hvað þetta varðar ($F=36,621$; $p<0,001$) þar sem ráðstefna eða vinnuferð hafði mest áhrif um haustið en minnst um sumarið.




312. mynd. Áhrif ráðstefnu eða vinnuferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Geysi um Íslandsheimsókn.

Við Hraunfossa sögðu 5-6% erlendra ferðamanna um veturinn og haustið og 2% um sumarið að ráðstefnu- eða vinnuferð hafi haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að koma til Íslands. Þá sögðu 75% um sumarið, 65% um veturinn og 62% um haustið það hafa haft lítil áhrif. Hlutlaus voru á bilinu 30-32% um veturinn og haustið og 23% um sumarið (313. mynd). Ráðstefna eða vinnuferð hafði minni áhrif á Íslandsheimsóknir gesta við Hraunfossa um sumarið heldur en um haustið og veturinn ($F=12,193$; $p<0,001$).




313. mynd. Áhrif ráðstefnu eða vinnuferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Hraunfossa um Íslandsheimsókn.

Við Jökulsárlón sögðu 10% erlendra ferðamanna um haustið og um 3% á öðrum árstíðum að ráðstefnu- eða vinnuferð hafi haft mikil áhrif á ákvörðunartöku þeirra um að koma til Íslands. Þá sögðu 74% um sumarið, 71% um veturinn og 60% um haustið það hafa haft lítil áhrif. Á bilinu 23-25% ferðamanna voru hlutlaus um sumarið og veturinn og 30% um haustið (314. mynd). Ráðstefna eða vinnuferð hafði meiri áhrif á Íslandsheimsóknir ferðamanna við Jökulsárlón um haustið heldur en um sumarið og veturinn ($F=22,995$; $p<0,001$).




314. mynd. Áhrif ráðstefnu eða vinnuferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Jökulsárlón um Íslandsheimsókn.

Við Seltún sögðu 9% ferðamanna um haustið, 6% um veturinn og 3% um sumarið að ráðstefnu- eða vinnuferð hafi haft mikil áhrif á ákvörðunartöku þeirra um að koma til Íslands. Þá sögðu 75% um sumarið, 63% um veturinn og 60% um haustið að það hafi haft lítil áhrif. Hlutfaus voru á bilinu 30-32% haustið og veturinn en 22% um sumarið (315. mynd). Um sumarið höfðu ráðstefnur eða vinnuferðir minni áhrif á Íslandsheimsóknir ferðamanna við Seltún heldur en um haustið og veturinn ($F=17,569$; $p<0,001$).




315. mynd. Áhrif ráðstefnu eða vinnuferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Seltún um Íslandsheimsókn.

Við Sólheimajökul sögðu 7% erlendra ferðamanna um haustið, 6% um sumarið og 4% um veturinn að ráðstefnu- eða vinnuferð hafi haft mikil áhrif á ákvörðunartöku þeirra um að koma til Íslands. Þá sögðu 70% um sumarið, 65% um veturinn og 59% um haustið það hafa haft lítil áhrif. Hlutfaus voru á bilinu 31-34% um veturinn og haustið og 24% um sumarið (316. mynd). Um haustið höfðu ráðstefnur og vinnuferðir meiri áhrif á erlenda ferðamenn við Sólheimajökul en um sumarið og veturinn ($F=9,622$; $p<0,001$).




316. mynd. Áhrif ráðstefnu eða vinnuferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna við Sólheimajökul um Íslandsheimsókn.

Á Þingvöllum sögðu 10% erlendra ferðamanna um haustið, 7% um sumarið og 4% um veturinn að ráðstefnu- eða vinnuferð hafi haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að koma til Íslands. Á bilinu 59-65% ferðamanna sögðu það hafa haft lítil áhrif á öllum árstíðum og 28-33% voru hlutlaus (317. mynd). Á Þingvöllum höfðu ráðstefnur eða vinnuferðir meiri áhrif á Íslandsheimsóknir heldur en um sumarið og veturinn ($F=8,817$; $p<0,001$).



317. mynd. Áhrif ráðstefnu eða vinnuferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna á Þingvöllum um Íslandsheimsókn.

Í Þórsmörk sögðu 16% um veturinn og 11% um haustið en 3% um sumarið að ráðstefnu- eða vinnuferð hafi haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að koma til Íslands. Á bilinu 70-74% ferðamanna sögðu það hafa haft lítil áhrif. Þá voru 23% hlutlaus um sumarið og um 14% á öðrum árstíðum (318. mynd). Ekki var marktækur árstíðamunur á svörum úr þessum lið í Þórsmörk ($F=1,952$; $p=0,143$).



318. mynd. Áhrif ráðstefnu eða vinnuferðar á ákvörðun erlendra ferðamanna í Þórsmörk um Íslandsheimsókn.

6 Umræður og ályktanir

6.1 Áhrif vaxandi náttúruferðamennsku

Ferðamönnum í heiminum hefur fjölgað mjög mikið undanfarna áratugi. Alþjóðlegu ferðamálasamtökin spá áframhaldandi fjölgun á heimsvísu, sem nemur um 3,3% á ári. Fjölgunin er hins vegar mjög mismunandi eftir löndum og heimshlutum. Mest er hún í Asíu, á Kyrrahafssvæðinu og í Ameríku en hins vegar hægari í Evrópu. Innan Evrópu er vöxturinn mestur í suðurhluta og norðurhluta álfunnar eða um 6-7% frá 2013 til 2014 (UNWTO, 2015). Af Norður-Evrópu ríkjunum er fjölgunin mest hér á landi og stefnir í að verða 30% frá 2014 til 2015.

Eftirspurn eftir náttúruferðamennsku fer vaxandi á heimsvísu og nýtur lítt spillt náttúra á Norðurslóðum vaxandi vinsælda ferðamanna (Hall og Saarinen, 2010b). Náttúran er því orðin verðmæt auðlind fyrir samfélög, en að sama skapi er hún takmörkuð og á stöðugt undir högg að sækja vegna vaxandi umsvifa manna (sjá t.d. Boyd og Butler, 2009; Fredman og Sandell, 2009; Hall o.fl., 2009; Talbot, 1998). Ferðalög um náttúrulegt umhverfi eru ein þeirra athafna sem ganga á þessa auðlind og geta haft óafturkræfar afleiðingar í för með sér. Ferðamennsku sem gerir út á náttúruna þarf því að skipuleggja með það að leiðarljósi að náttúran skerðist sem minnst og á þann hátt að ferðamennskan grafi ekki undan tilvist sinni. Öðruvísi er ekki hægt að tryggja sjálfbærni ferðaþjónustunnar til framtíðar (Butler, 2006). Þetta er vandasamt því ferðamennskan sjálf veldur því óhjákvæmilega að staðir breytast. Eftir því sem staðir öðlast meiri vinsældir og ferðamönnum fjölgar því meira nálgast þeir þolmörk sín. Fjöldinn kallar á aukna uppbyggingu þjónustu og innviða sem svo veldur auknu álagi á umhverfið og leiðir til þess að upplifun ferðamanna skerðist. Þegar þolmörkum hefur verið náð fer stöðunum að hnigna, þar sem gengið hefur verið á náttúrulegt aðdráttarafl þeirra, ánægja gesta minnkar og að lokum fer ferðamönnum að fækka (Butler 1980).

Ísland hefur aldrei fyrr tekið á móti jafn mörgum ferðamönnum og hlutfallslega hefur fjölgunin aldrei verið meiri en á síðustu árum. Fjölgun erlendra ferðmanna var lang mest um sumarið en þó var fjölgun ferðamanna á öðrum árstímum meiri en nokkru sinni. Í raun hefur ferðamönnum fjölgað milli ára á öllum mánuðum undanfarin ár (Ferðamálastofa, 2015a).

Til þess að styrkja samkeppnisstöðu og stuðla að sjálfbærni ferðaþjónustu á Íslandi er mikilvægt að vita hver eru ríkjandi viðhorf þeirra ferðamanna sem áfangastaðirnir laða að sér og haga uppbyggingu staðanna í samræmi við þann markaðshluta sem býður upp á mesta möguleika

sem markhópur til lengri tíma litið, og sem hentar jafnframt náttúruferðum og aðstæðum á hverjum stað. Rannsóknir eins og sú sem hér er kynnt geta gefið mikilvægar upplýsingar hvað þetta varðar.

6.2 Viðhorf ferðamanna á vinsælum náttúruskoðunarstöðum

Í þessari skýrslu eru kynntar meginniðurstöður viðhorfskönnunar sem gerð var meðal ferðamanna á átta vinsælum náttúruskoðunarstöðum á Suður- og Vesturlandi. Könnunin sýnir að erlendir ferðamenn voru um 94% þeirra gesta sem komu á staðina. Bretar voru fjölmennastir allra þjóðerna um veturinn (43%) og voru einnig fjölmennir um haustið, en voru þó ekki nema 9% gesta á rannsóknarstöðunum um sumarið. Þjóðverjar voru hins vegar fjölmennastir um sumarið (22%), en einungis 7-8% gesta um haustið og veturinn. Þetta er í góðu samræmi við komur erlendra ferðamanna hingað til lands en Bretar eru fjölmennastir um veturinn og Þjóðverjar fjölmennastir um sumarið (Ferðamálastofa, 2015a). Yfir helmingur gesta á þessum átta náttúruskoðunarstöðum kom í hópferðabílum um haustið og veturinn en tæplega helmingur um sumarið en þá voru fleiri á bílaleigubílum.

Þrátt fyrir að fjöldi erlendra ferðamanna hingað til lands hafi aukist mjög ört undanfarin ár voru flestir ferðamenn ánægðir með náttúruna og dvölinu á stöðunum sem kannaðir voru. Ánægja var einnig mikil með göngustíga og þá sérstaklega á haustin. Ánægja með bílastæði var sömuleiðis mest á haustin. Ánægja var ekki eins mikil með þjónustu, sérstaklega um sumarið. Almennt þótti hreint á svæðunum en þó síst við Jökulsárlón og í Þórsmörk um sumarið. Geysir þótti hins vegar síst hreint af svæðunum um haustið og veturinn. Fáir urðu varir við rusl, skemmdir á náttúrunni, skemmdir á jarðmyndunum og gróðurskemmdir af völdum ferðamanna, en þó helst um sumarið. Sú umhverfisröskun sem ferðamenn tóku helst eftir var rof úr göngustígum og þá sérstaklega í Þórsmörk og við Geysi að sumarlagi en við Sólheimajökul um haustið og veturinn. Svæðin þóttu jafnframt náttúrulegust að vetrarlagi auk þess sem þau voru talin aðeins óöruggari um veturinn en um sumarið (þ.e. 4,33 af 5 sem stendur fyrir mjög öruggt). Gott verð eða sértíllboð hafði nokkur áhrif á ákvörðun ferðamanna um að koma til landsins um haust og vetur.

Þrátt fyrir góðan árangur við að fá fleiri erlenda ferðamenn til landsins utan háannar kemur enn um helmingur erlendra gesta yfir sumarmánuðina þrjá (Ferðamálastofa, 2015a). Vinsælustu náttúruskoðunarstaðir erlendra ferðamanna nú á dögum eru margir þeir sömu og nutu mestra vinsælda þegar fyrstu erlendu ferðamennirnir komu til landsins á seinni hluta 18. aldar. Fyrir utan Reykjavík heimsóttu þeir helst Þingvelli, Geysi, Gullfoss, Borgarfjörð, Snæfellsnes, Reykjanes, Akureyri, Mývatn og Dettifoss. Auk þess sem mestu garparnir gengu á Heklu (Thoroddsen, 1900-1902/2005). Sumarið 2014 heimsótti tæplega 60% erlendra ferðamanna Geysi, 50% Þingvelli og

42% Jökulsárlón (Ferðamálastofa, 2014a). Það þýðir að um 250-300 þúsund erlendir ferðamenn komu á þessa staði yfir sumarið. Þá viku sem spurningalistunum var dreift á hverjum þessara staða um sumarið komu 21.600 gestir að Geysi, 16.500 á Þingvöll og 13.700 að Jökulsárlóni (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2015). Könnun þessi leiddi í ljós að flestir töldu fjölda ferðamanna og bifreiða hæfilegan en þó upplifðu ferðamenn frekar að það væru of margir aðrir ferðamenn á stöðunum um sumarið en um haustið. Algengast var að ferðamönnum við Geysi þætti þar mikið af öðrum ferðamönnum; 36% um sumarið, 15% um veturinn og 10% um haustið. Næst algengast var þetta viðhorf meðal ferðamanna við Jökulsárlón; 35% um sumarið, 16% um veturinn og 8% um haustið. Á Þingvöllum var einnig talsvert um að ferðamenn þættu margir og einnig var nokkuð um það í Þórsmörk um sumarið. Ýmislegt getur skýrt ástæðu þess að ferðamenn upplifðu margmenni á þessum ferðamannastöðum t.d. ólíkir markhópar, ástand innviða (t.d. göngustíga), landslag og þjónusta. Mun færri ferðamenn heimsóttu hina rannsóknastaðina fimm enda upplifðu aðspurðir síður margmenni þar. Undantekning var þó í Þórsmörk þar sem 14% svarenda töldu marga ferðamenn vera þar um sumarið. Staðsetning Þórsmörkur við jaðar hálendisins hefur hér væntanlega áhrif þar sem víðerni, óspillt náttúra og fámenni eru almennt aðal aðdráttarafl hálendisins og þeir sem þangað sækja viðkvæmir fyrir fjöldanum (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2012).

6.3 Helstu niðurstöður frá hverjum rannsóknarstað

6.3.1 Djúpalónssandur

Hlutfallslega margir Bandaríkjamenn heimsóttu Djúpalónssand á öllum árstímum. Um sumarið var einnig mikið af Þjóðverjum og um haustið voru Asíubúar nokkuð áberandi. Þar var hins vegar ekki mikið af Bretum og heldur ekki mikið um hópferðamenn miðað við flesta hina staðina. Meðalaldur ferðamanna var hæstur við Djúpalónssand og þar reyndist ánægja ferðamanna með ferðina vera mest. Djúpalónssandur var jafnframt annar tveggja staða sem þóttu náttúrulegastir og var sá staður þar sem ferðamenn upplifðu helst kyrrð um sumarið og haustið. Staðurinn þótti hins vegar frekar óöruggur um veturinn og ferðamenn voru síður ánægðir með göngustíga þar um veturinn. Fáir voru á þeirri skoðun að ferðamenn á Djúpalónssandi væru margir aðrir ferðamenn, sérstaklega um haustið.

6.3.2 Geysir

Við Geysi voru Bretar um helmingur gesta um veturinn, um þriðjungur um haustið en hins vegar aðeins lítill hluti ferðamanna um sumarið. Bandaríkjamenn voru hins vegar hlutfallslega álíka

marginir á öllum árstímum (15-18%) og Norðurlandabúar voru nokkuð fjölmennir eða um 16% um haustið. Hlutfallslega fleiri notuðu hópferðabifreiðar um veturinn (80%) og haustið (61%) en um sumarið (34%) á meðan mun fleiri ferðuðust með bílaleigubílum um sumarið (45%) en á öðrum árstímum. Þar ásamt Jökulsárlóni var jafnframt mest af hópferðamönnum. Norðurljós höfðu mikil áhrif á ákvörðun ferðamanna um að heimsækja svæðið um veturinn en þó síður en á ferðamenn við Jökulsárlón. Menningarviðburðir höfðu einnig nokkur áhrif á að ferðamenn við Geysi heimsóttu Ísland um veturinn.

Ferðamenn við Geysi voru síst ánægðir með ferðina í heild af öllum stöðunum sem skoðaðir voru auk þess að þar var ánægja með náttúruna minni en annars staðar. Geysissvæðið þótti einnig manngerðasta svæðið, sérstaklega um sumarið auk þess sem eitthvað var um að ferðamenn tækju eftir rofi úr göngustígum um sumarið. Ferðamenn upplifðu meiri hávaða við Geysi en annars staðar. Aftur á móti var meiri ánægja með þjónustu en annars staðar og þar var ánægja með salerni mest af öllum rannsóknarsvæðunum. Ferðamenn við Geysi upplifðu frekar að þar væru margir ferðamenn en annars staðar, en 36% aðspurðra töldu vera marga ferðamenn á svæðinu um sumarið, 15% um veturinn og 10% um haustið

6.3.3 Hraunfossar

Íslendingar og Þjóðverjar voru hlutfallslega fjölmennir við Hraunfossa um sumarið, Bandaríkjamenn um haustið og Þjóðverjar um veturinn. Þar var jafnframt næst hæsti meðalaldur ferðamanna. Öfugt við Geysi, þá var hlutfall þeirra sem ferðaðist með hópferðabifreið hærra um sumarið (37%) en á öðrum árstímum (26% um haustið og 7% um sumarið). Hlutfall þeirra sem ferðaðist með bílaleigubifreiðum var aftur á móti mun hærra um haust (66%) og vetur (72%).

Ferðamenn við Hraunfossa voru síður ánægðir með bílastæði um sumarið og þar var minni ánægja með þjónustu en annars staðar. Um 14% ferðamanna fannst margir ferðamenn vera á svæðinu um sumarið en mun færri á öðrum árstímum. Svæðið þótti mjög öruggt um veturinn og þar þótti vera mest kyrrð allra staða um haustið og veturinn.

6.3.4 Jökulsárlón

Þjóðverjar voru fjölmennir við Jökulsárlón um sumarið, Bandaríkjamenn og Asíubúar um haustið og Bretar og Asíubúar um veturinn. Þar ásamt Geysi var mest af hópferðamönnum. Við Jökulsárlón höfðu Norðurljós mest áhrif á ákvörðun ferðamanna um að heimsækja svæðið.

Ánægja ferðamanna með náttúru svæðisins var mjög mikil og hafði náttúran mest áhrif á ákvörðun ferðamanna um að heimsækja svæðið af rannóknarstöðunum. Jökulsárlón þótti einnig öruggasta svæðið. Þar var hins vegar næst algengast (á eftir Geysi) að ferðamenn teldu að margir

ferðamenn væru á svæðinu, sérstaklega um sumarið og þar þótti hávaði meiri en annars staðar. Ánægja með göngustíga var minni við Jökulsárlón en á hinum rannsóknarsvæðunum, ánægja með bílastæði var minni um sumarið og ánægja með merkingar var minni um sumarið.

6.3.5 Seltún

Við Seltún var mikið um Þjóðverja, Frakka, Ítali og Spánverja um sumarið. Frakkar og Bandaríkjamenn voru áberandi um haustið og Þjóðverjar, Frakkar, Bretar og Bandaríkjamenn um veturinn. Miðað við hina rannsóknarstaðina var ekki mikið um hópferðamenn við Seltún. Norðurljós höfðu minnst áhrif á komu ferðamanna við Seltún en aftur á móti höfðu menningarviðburðir nokkur áhrif á komu ferðamanna til Íslands um haustið.

Af rannsóknarstöðunum átta var næst minnst ánægja meðal ferðamanna við Seltún á eftir Geysi. Þar upplifðu ferðamenn hins vegar síður en annars staðar að þar væru margir ferðamenn. Ánægja með þjónustu var minni við Seltún en annars staðar.

6.3.6 Sólheimajökull

Við Sólheimajökul var mikið af Bretum á öllum árstímum og um sumarið var einnig mikið af Bandaríkjamönnum. Hópferðabifreiðar voru áberandi um haust og vetur (76-66%) en bílaleigubílar um sumarið (45%). Meðalaldur ferðamanna var lægstur við Sólheimajökul enda var þar mikið af skólakrökkum í námsferð um veturinn og haustið.

Svæðið í kringum Sólheimajökul þótti náttúrulegast af rannsóknarsvæðunum átta og þar var mikil ánægja meðal gesta. Svæðið þótti hins vegar óöruggasta svæðið og eitthvað var um að ferðamenn yrðu varir við rof úr göngustígum um haustið. Um 11-13% ferðamanna við Sólheimajökul fannst mikill fjöldi ferðamanna á svæðinu og var þetta eini staðurinn þar sem svipað viðhorf var til fjöldans um sumar og vetur. Hópferðamenn var sá hópur sem svarendum við Sólheimajökul þótti hest vera mikið af og þá sérstaklega um haustið.

6.3.7 Þingvellir

Mikið af Bretum heimsóttu Þingvelli um veturinn og um haustið. Bandaríkjamenn voru einnig fjölmennir um haustið og voru einnig, auk Þjóðverja, fjölmennastir um sumarið. Hlutfallslega fleiri komu með hópferðabílum á Þingvöll um veturinn (75%) og um haustið (57%) en um sumarið (45%) en hlutfall þeirra sem kom með bílaleigubíl var hærra um sumarið (39%) og haustið (36%) en um veturinn (20%). Aldur þeirra sem komu til Þingvalla var lægri um veturinn en á öðrum árstímum. Náttúran hafði minni áhrif á komu fólks um sumarið en á öðrum stöðum en áhrif menningarviðburða á Íslandsheimsókn voru nokkur um sumarið og veturinn.

Á Þingvöllum var talsvert um að aðspurðum þætti margir ferðamenn á svæðinu eða 20% um sumarið, 13% um veturinn og 6% um haustið. Þegar spurt var sérstaklega um hópferðamenn töldu 26% þá vera marga um sumarið, 23% um veturinn og 14% um haustið. Ánægja með göngustíga í Þjóðgarðinum var meiri en á öðrum stöðum.

6.3.8 Þórsmörk

Þjóðverjar, Frakkar, Belgar og Hollendingar voru fjölmennir í Þórsmörk um sumarið, Íslendingar, Bandaríkjamenn og Asíubúar um haustið og Þjóðverjar, Frakkar og Bretar um veturinn. Mikið var um göngufólk um sumarið og um veturinn voru ferðamenn einkum í jeppaferðum eða á bílaleigubílum. Meðalaldur sumargesta í Þórsmörk var lægri en á hinum rannsóknarstöðunum. Náttúran hafði mikil áhrif á ákvörðun ferðamanna um að heimsækja Þórsmörk, sérstaklega um sumarið. Um 14% aðspurðra fannst margir ferðamenn í Þórsmörk um sumarið, 5% um veturinn og 2% um haustið. Svæðið þótti manngerðara um sumarið en um haustið og veturinn og ferðamenn tóku nokkuð eftir rofi úr göngustígum um sumarið og haustið. Þar var hins vegar meiri ánægja með göngustíga en á öðrum stöðum auk þess sem ánægja með þjónustu var meiri þar en á flestum hinna staðanna. Ferðamenn upplifðu sérstaklega mikla kyrrð í Þórsmörk um haustið og veturinn.

6.4 Áskorun stefnumótunar

Mikilvægt er fyrir ferðaþjónustu sem byggir á viðkvæmri náttúru og ímynd hins óspillta og villta, eins og hér á landi, að skipuleggja náttúruskoðunarstaði á sjálfbæran hátt og með tilliti til þolmarka ferðamennsku (Butler, 1997, 2004, 2010; Saarinen, 2013, 2014). Stjórnvöld og hagsmunaaðilar ferðaþjónustunnar hvetja enda til notkunar á niðurstöðum þolmarkarannsóknna í almennri stefnumótun til að stuðla að sjálfbærri þróun greinarinnar (Kristján Ólafsson og Oddný Þóra Óladóttir, 2013; Umhverfisstofnun, 2010). Samtök ferðaþjónustunnar (SAF, 2009) hafa einnig sett fram þau markmið að Íslandi skuli verða þekkt sem áfangastaður sjálfbærrar ferðaþjónustu. Samkeppni á milli ferðamannastaða í heiminum vex hratt og spáð er að hún verði enn harðari í framtíðinni. Í ljósi þess er mikilvægara en nokkru sinni að vera meðvitaður um markhópa áfangastaða og væntingar þeirra (Mariani o.fl., 2014).

Eins og áður segir þurfa að liggja fyrir skýr markmið um hvaða upplifun stöðum er ætlað að veita og eða til hvaða markhópa þeir eiga að höfða í skipulagi ferðamannastaða. Slík markmið hafa ekki verið sett fyrir rannsóknastaðina átta og því ekki er hægt að fullyrða hvort félagslegum þolmörkum ferðamann sé náð. Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa þó vísbindingu um að þeir markhópar sem nú skoða Geysi og Jökulsárlón séu mögulega að nálgast þessi þolmörk en aðrir

staðir virðast í betra horfi. Hér er rétt að hafa í huga að með tímanum þróast og breytast áfangastaðir og samhliða því einnig markhóparnir sem þá sækja. Þólmörkum ákveðinna markhópa á fyrrnefndum stöðum hefur nú þegar eflaust verið náð og þeir heimsækja því ekki lengur þessa staði. Þessir markhópar forðast fjölmenna áfangastaði og leita uppi svæði þar sem færri fara um, eins og t.d. hálandið (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2012; Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2012; Anna Dóra Sæþórsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2012; Sæþórsdóttir, 2014).

Í ljósi þessa er mikilvægt að mótuð sé stefna um hvernig nýta eigi landið fyrir ferðaþjónustuna, hvers konar ferðamennsku eigi að stunda á mismunandi svæðum og til hvaða markhópa eigi að höfða. Yfirvöld ferðamála hafa enda sett sem forgangsmál í verkefnaáætlun 2016-2017 að það skuli meðal annars „Vinna að mörkun (e. branding) Íslands sem áfangastaðar, skilgreina markhópa og markaðssetja í samræmi við það“ og „Gera vandaðar stefnumótandi stjórnunaráætlanir fyrir ferðaþjónustuna í hverjum landshluta (Destination Management Plan, DMP)“ (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðaþjónustunnar, 2015, bls. 9).

Stefnumótun ferðamennsku er hins vegar flókið ferli og getur bæði verið erfitt að samþætta hana við aðrar greinar og einnig að fá ferðaþjónustuna til að tala einni röddu því hagsmunir fyrirtækja í greininni eru margskonar og geta verið ólíkir (Holden, 2008). Einnig felst mikil áskorun í því hvernig stýra á nýtingu á sameignarauðlind (e. common pool resources) eins og náttúrufegurð og landið sjálft sem er söluvara ferðaþjónustunnar. Kenning Garrett Hardin (1968) um bölvun sameignarinnar (e. the tragedy of the commons) skýrir vandann sem við er að etja. Hún leitast við að skýra þá skammtímahagsmuni sem eru ráðandi hjá notandanum þegar kemur að nýtingu á sameignarauðlind þar sem sérhver notandi sér hag sinn í að auka sína einkanýtingu því hann fær allar tekjurnar af því en ber aðeins brot af tapinu sem ofnýting auðlindar hefur í för með sér. Þetta hefur sýnt sig t.d. með ofveiði fiskistofna og ofbeit í landbúnaði og gildir í raun einnig í ferðaþjónustunni. Ánægja ferðamanna minnkar með vaxandi fjölda ferðamanna á áfangastað. Það leiðir af sér minni hagnað á hvern ferðamann en þrátt fyrir það halda ferðaþjónustuaðilar áfram að senda ferðamenn þangað. Það er vegna þess að aðilinn sem selur viðkomandi ferðamanni/hóp ferðamanna ferðina fær í sinn vasa andvirði sölunnar en hins vegar leggst tapið (lækkun á verði ferðarinnar) á alla ferðaþjónustuaðila sem gera út á staðinn. Með öðrum orðum þá fær söluaðilinn allan ágóðann af „viðbótar-ferðamanninum“ en ber aðeins lítinn hluta af tapinu sem hins vegar deilist á alla sem selja ferðir á staðinn. Þetta leiðir því til þess að ákveðin svæði verða ofnýtt af ferðaþjónustunni ef ekkert er að gert.

Til að forðast ofnýtingu sem þessa er skýrt og vel útfært skipulag, þar sem þólmörk og sjálfbær þróun eru höfð að leiðarljósi, lykilatriði til að náttúruskoðunarstaðir haldi áfram að vera

auðlind fyrir ferðaþjónustuna. Ákveða þarf á hvaða stöðum þarf að stýra aðgangi og hvaða leiðir eigi að fara til þess. Þetta hefur verið gert á vinsælum og eða viðkvæmum ferðamannastöðum víða um heim. Sem dæmi má nefna musterin við Angkor í norðvestur Kambódíu sem er á heimsminjaskrá UNESCO. Þar voru sett þau mörk að ekki kæmu fleiri en hálf milljón gesta á ári og að ekki væru fleiri en 300-500 ferðamann í einu á svæðinu (Hall og Page, 2014). Einnig má nefna Galapagoseyjar undan strönd Ekvadors sem eru á heimsminjaskrá UNESCO fyrir einstakt dýralíf og vistkerfi. Eyjarnar urðu vinsæll áfangastaður fyrir náttúruferðamennsku, það vinsæll að árið 2007 voru eyjarnar settar á lista UNESCO yfir staði á heimsminjaskrá sem eru í hættu („World Heritage in Danger“) og var það fyrst og fremst vegna neikvæðra umhverfisáhrifa ferðamenskunnar. Eyjarnar voru síðan teknar af listanum árið 2010, eftir að stjórnvöld í Ekvador lofuðu að bæta stýringu á umferð ferðamanna og umgengni ferðaþjónustunnar um eyjarnar (Lovelock og Lovelock, 2013)

Ýmsar leiðir eru færar til að stýra aðgengi og álagi á áfangastöðum eins og t.d. að loka svæðum, takmarka umferð einkabíla, stýra flæði með upplýsingum, innviðum eða lokunum (varanlega eða tímabundið) auk gjaldtöku. Tillögur í þessa átt koma fram sem forgangsmál í verkefnaáætlun stjórnvalda 2016-2017 þ.e. að „Ákveða hvaða áfangastaðir ferðamanna í hverjum landshluta þarfnast aðgangsstýringar og stýra umferð um þá með umhverfisleg og félagsleg þolmörk og öryggi ferðamanna að leiðarljósi.“ (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðaþjónustunnar, 2015, bls. 9). Þessi rannsókn á viðhorfum og upplifun ferðamanna á fjölsóttum áfangastöðum á að skapa grunnupplýsingar til að byggja ákvörðun sem þessa á og getur því nýst beint inn í skipulag og stefnumótun á svæðunum. Með því móti næst æskileg nýting á landinu fyrir fjölbreytta ferðamennsku, styrkari stöðum er rennt undir ferðaþjónustu og betur er stuðlað að sjálfbærri þróun greinarinnar. Þannig verður hægt að taka á móti ferðamönnum af mismunandi gerðum, án þess að ganga meira en nauðsyn krefur á þær auðlindir sem ferðamennska byggir á. Rannsóknir á þolmörkum ferðamanna geta leiðbeint um hvers konar ferðamennska hentar hverjum stað þannig að náttúran þurfi ekki að gjalda fyrir og tryggja að sú ferðamennska sem stunduð er á svæðunum geti dafnað um ókomna tíð.

7 Heimildir

- Anna Dóra Sæþórsdóttir (2012). *Ferðamennska á miðhálandi Íslands: Staða og spá um framtíðarhorfur*. Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir (2015). *Þolmörk ferðamanna á átta vinsælum ferðamannastöðum á Suður- og Vesturlandi sumarið 2014*. Ferðamálastofa.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Arnar Már Ólafsson, Björn M. Sigurjónsson og Aradóttir, B. (2001). *Þolmörk ferðamennsku í þjóðgarðinum í Skaftafelli*. Reykjavík: Ferðamálaráð Íslands, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Bergþóra Aradóttir, Arnar Már Ólafsson og Gunnþóra Ólafsdóttir (2003). *Þolmörk ferðamennsku í friðlandi á Lónsöræfum*. Akureyri: Ferðamálaráð Íslands, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2007). *Ferðamennska við Laka*. Höfn.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2012). *Áhrif Hólmsárvirksjunar á ferðamennsku og útivist*. Reykjavík: Landsvirkjun og Orkusalan.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir og Þorkell Stefánsson (2012). *Þolmörk ferðamanna í Friðlandi að Fjallabaki*. Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðaþjónustunnar (2015). *Vegvísir í ferðaþjónustu* (25). Reykjavík: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
- Bergþóra Aradóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Arnar Már Ólafsson (2003). *Þolmörk ferðamennsku í Landmannalaugum*. Akureyri: Ferðamálaráð Íslands, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri.
- Boyd, S. W. og Butler, R. W. (2009). Tourism and the Canadian national park system: protection, use and balance. Í W. Frost og C. M. Hall (Ritstj.), *Tourism and national parks: International perspectives on development, histories and change* (bls. 102-113). London: Routledge.
- Boyd, S. W. og Hall, C. M. (2005). *Nature-based tourism in peripheral areas : development or disaster?* Clevedon: Channel View Publications.
- Butler, R. W. (1997). The concept of carrying capacity for tourism destinations: Dead or merely buried? Í C. Cooper og S. Wanhill (Ritstj.), *Tourism development - Environmental and community issues* (bls. 11-21). Chichester: John Wiley & Sons.
- Butler, R. W. (2004). Tourism, environment, and sustainable development. *Tourism: Critical Concepts in the Social Sciences*, 18(3), 201-209.
- Butler, R. W. (2006). *The tourism area life cycle: Application and modifications*. Clevedon, England: Channel View.
- Butler, R. W. (2010). Carrying capacity in tourism. Í D. P. Pearce og R. W. Butler (Ritstj.), *Tourism Research. A 20-20 vision* (bls. 53-64). Oxford: Goodfellow Publishers Limited.
- Cole, D. N. (2004). Carrying capacity and visitor management: Facts, values, and the role of science. Í D. Harmon, B. M. Kilgore og G. E. Vietzke (Ritstj.), *Protecting Our Diverse Heritage: The Role of Parks, Protected Areas, and Cultural Sites. (Proceedings of the 2003 George Wright Society / National Park Service Joint Conference.)*. Hancock, Michigan: The George Wright Society.
- Development), W. W. C. o. E. a. (1987). *Our common future*. Oxford: Oxford University Press.
- Du Pisani, J. A. (2006). Sustainable development - Historical roots of the concept. *Environmental Sciences*, 3(2), 83-96.
- Fennell, D. A. (2003). *Ecotourism* (2nd útgáfa). London: Routledge.
- Ferðamálastofa (2014a). Erlendir ferðamenn á Íslandi. Sumar 2014. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Ferðamálastofa (2014b). Erlendir ferðamenn á Íslandi. Vetur 2013/2014. Reykjavík: Ferðamálastofa.

- Ferðamálastofa (2015a). *Ferðamenn um Keflavíkurlflugvöll*. Sótt 17. desember 2015 af <http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/talningar-ferdamalastofu-i-flugstod-leifs-eirikssonar>
- Ferðamálastofa (2015b). *Heildarfjöldi erlendra ferðamanna 1949-2015*. Sótt 17. desember 2015 af <http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna-1949-2013>
- Fredman, P. og Sandell, K. (2009). 'Protect, preserve, present' – the role of tourism in Swedish national parks. Í W. Frost og C. M. Hall (Ritstj.), *Tourism and national parks: International perspectives on development, histories and change* (bls. 197-208). London: Routledge.
- Fredman, P. og Tyrväinen, L. (2010). Frontiers in nature-based tourism. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 10(3), 177 - 189. Sótt 24. júní 2011
- Goodwin, H. (1996). In pursuit of ecotourism. *Biodiversity and conservation*, 5(3), 277-291.
- Hall, C. M., Müller, D. K. og Saarinen, J. (2009). *Nordic tourism: Issues and cases*. Bristol: Channel View.
- Hall, C. M. og Page, S. J. (2014). *The geography of tourism and recreation: environment, place, and space* (4th útgáfa). New York, N.Y.: Routledge.
- Hall, C. M. og Saarinen, J. (2010a). Polar tourism: Definitions and dimensions. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 10(4), 1-13.
- Hall, C. M. og Saarinen, J. (2010b). Tourism and Change in the Polar Regions: Introduction – Definitions, Locations, Places and Dimensions. Í C. M. Hall og J. Saarinen (Ritstj.), *Tourism and Change in the Polar Regions: Climate, Environment and Experiences* (bls. 1–41). London: Routledge.
- Hardin, G. (1968). The Tragedy of the Commons. *Science*, 162(3859), 1243-1248. af <http://www.jstor.org/stable/1724745?seq=1>
- Holden, A. (2008). *Environment and tourism* (2. útgáfa). London, New York: Routledge. af http://www.amazon.com/Environment-Tourism-Routledge-Introductions/dp/0415207185#reader_0415207185
- Kristján Ólafsson og Oddný Þóra Óladóttir (2013). *Þörfin fyrir rannsóknir í íslenski ferðaþjónustu – greining hagsmunaaðila*. Reykjavík.
- Lonely Planet (2012). af <http://www.lonelyplanet.com/europe/travel-tips-and-articles/76855>
- Lovelock, B. og Lovelock, K. M. (2013). *The ethics of tourism*. Oxon: Routledge.
- Making Tourism More Sustainable - A Guide for Policy Makers (2005). WTO.
- Mariani, M. M., Buhalis, D., Longhi, C. og Vitouladiti, O. (2014). Managing change in tourism destinations: Key issues and current trends. *Journal of Destination Marketing & Management*, 2(4), 269-272. af <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S2212571X13000577>
- Martin, B. S. og Uysal, M. (1990). An examination of the Relationship Between Carrying Capacity and the Tourism Lifecycle: Management and Policy Implications. *Journal of Environmental Management*, 31, 327-333.
- Mathieson, A. og Wall, G. (1982). *Tourism; economic, physical and social impacts*. London and New York: Longman.
- McCool, S. F., Clark, R. og Stankey, G. H. (2007). *An assessment of frameworks useful for public land recreation planning*. Portland, OR: U.S. Department of Agriculture, Forest Service, Pacific Northwest Research Station.
- McCool, S. F. og Lime, D. W. (2001). Tourism carrying capacity: Tempting fantasy or useful reality? *Journal of Sustainable Tourism*, 9(5), 372-388.
- Robinson, M. (1996). Sustainable tourism for Spain: Principles, prospects and problems. Í M. Barke, J. Towner og M. T. Newton (Ritstj.), *Tourism in Spain* (bls. 401-426). Oxon: CAB International.
- Saarinen, J. (2013). Critical Sustainability: Setting the Limits to Growth and Responsibility in Tourism. *Sustainability*, 6(1), 1-17.

- Saarinen, J. (2014). Conflicting limits to growth in sustainable tourism. *Current Issues in Tourism*, 18(10).
- SAF (2009). af <http://www.saf.is/umhverfismal/>
- Sæþórsdóttir, A. D. (2014). Preserving wilderness at an emerging tourist destination. *Journal of Management and Sustainability*, 4(3).
- Talbot, C. (1998). The wilderness narrative and the cultural logic of capitalism. Í J. B. Callicott og M. P. Nelson (Ritstj.), *The great new wilderness debate* (bls. 325-336). Athens: The University of Georgia Press.
- Travel, F. s. (2012). af <http://www.fodors.com/world/europe/iceland/>
- Umhverfisstjórnuneytið (2002). Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnunámur til 2020 (82). Reykjavík: Umhverfisstjórnuneytið.
- Umhverfisstjórnuneytið (2010). Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010–2013. Reykjavík: Umhverfisstjórnuneytið.
- UNWTO (2015). *Tourism highlights*. Sótt 17. desember 2015 af <http://www.e-unwto.org/doi/pdf/10.18111/9789284416899>
- Weaver, D. B. (2013). *Sustainable tourism*. New York: Routledge.
- Williams, P. W. og Ponsford, I. F. (2009). Confronting tourism's environmental paradox: Transitioning for sustainable tourism. *Futures*, 41, 396-404.
- World Travel and Tourism Council, World Tourism Organization og Council, E. (1995). *Agenda 21 for the travel & tourism industry : towards environmentally sustainable development*. London; Madrid; San José, Costa Rica: World Travel & Tourism Council ; World Tourism Organization ; Earth Council.

